



Ungir fimleikapiltar léku listir sínar í veðurblíðunni á Akureyri þegar þeir gengu á höndum niður kirkjutröppurnar. Þeir voru léttklæddir við gönguna enda ekkert lát á veðurblíðunni fyrir norðan. Þetta var þó ekki aðeins sýning því piltarnir voru um leið að safna styrkjum fyrir Pieta samtökin sem sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða.

MYND/RAKEL ÓSK SIGURDARDÓTTIR

Vörnin gegn Delta meiri en talið var

Yfirlæknir á ónæmisfræðideild Landspítalans segir nýja rannsókn sýna að vernd bóluefna gagnvart Delta-afbrigðinu sé mun betri en í fyrstu var talið. Hann segir að aukin þekking á mótefnasvari líkamans gegn Covid-19 geti nýst til að breyta bóluefnum með litlum fyrirvara eins og gert er með flensuspautu ár hvert.

odduraevan@frettabladid.is

COVID-19 Rannsókn sem birtist í New England Journal of Medicine í gær gefur til kynna að mikið gagn sé að bóluefnum Pfizer og Astra-Zeneca gegn sjúkdómseinkennum sem Delta-afbrigðið veldur, þvert á niðurstöður frumrannsókna.

„Auðvitað hefði maður viljað að

bóluefnin kæmu í veg fyrir meira smit en megintilgangurinn með bóluefnunum er fyrst og fremst að koma í veg fyrir sjúkdóma, ekki endilega smit,” segir Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir á ónæmisfræðideild Landspítalans. Rannsóknin sýni ótvírætt að bólusettrir smiti margfalt minna en óbólusettir.

„Þessi rannsókn sýnir að munurinn er minni en við höldum fyrst,” segir Björn og vísar til virkni bóluefnanna gegn Delta. „Núna er virkni 94 prósent ef þú ert með Pfizer, fullbólusettur gegn sjúkdómseinkennum. Ekki af því að smitast, heldur að fá Covid-sjúkdóminn. Virkni er 88 prósent fyrir Delta-afbrigðinu,” segir Björn. Munurinn sé ekki nema sex prósent. „Það eru sláandi niðurstöður,” segir hann.



Þessi rannsókn sýnir að munurinn er minni en við höldum fyrst.



Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir á ónæmisfræðideild Landspítalans.

Niðurstöðurnar séu töluvert betri en vísindamenn hafi þorað að vona vegna Delta.

Aðspurður segir Björn leitina enn standa yfir að hinu rétta mótefnasvari gegn Covid-19, sem þá geti nýst til að breyta bóluefnum með litlum fyrirvara eins og gert er með flensuspautu ár hvert. „Það er hinn heilagi kaleikur í þessu,” segir Björn. Leitir hafi staðið í langan tíma en þetta sé meðal annars rannsakað, af ónæmisfræðideild Landspítalans, í þeim sem smitast hafa af veirunni.

„Svo eru stórar rannsóknir í gangi núna á bólusettum til að bera saman þessa þætti. Það er að segja: Eru einhver ákveðin mörk eða tegund ónæmissvars sem segir til um það hversu mikla vernd þú hefur gegn sjúkdómnum, ef þú lendir í smiti?” útskýrir Björn. **SJÁ SÍÐU 8**


Herða á aðgerðir innanlands í dag

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Búist er við að ráðherra-nefnd innan ríkisstjórnarinnar fundi um hertar aðgerðir innanlands nú fyrir hádegis. Ekki lá fyrir hvernig fundi ríkisstjórnarinnar um aðgerðir yrði nákvæmlega háttað, þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir skilaði minnisblaði með tillögum til heilbrigðisráðherra í gær og gert er ráð fyrir að tilkynnt verði um hertar aðgerðir í dag.


Í fyrradag greindust 78 Covid-smit innanlands og 56 daginn þar á undan. Faraldurinn er í veldisvesti. Landspítalinn er nú á hættustigi. Þar liggja tveir á smitsjúkdómadeild og 301 einstaklingur er í eftirliti á göngudeild, þar af 25 börn. ■



HVAR & HVENÆR SEM ER
Vefsýningarsalurinn okkar er alltaf opinn!

• www.hekla.is

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is



Skoda Enyaq IV
Verð frá 5.790.000 kr.

Í sumar er opið alla virka daga hjá HEKLU á Laugavegi og Kletthálsi en lokað er á laugardögum.



Í gær var óbólusettur einstaklingur lagður inn á smitsjúkdómadeildina.

Landspítalinn yfir á hættustig

kristinnpall@frettabladid.is

COVID-19 Viðbúnaðarstig Landspítalans hefur verið fært á hættustig. Tveir liggja á smitsjúkdómadeild með Covid-19. Þá er 301 einstaklingur í eftirliti á Covid-göngudeildinni, þar af 25 börn. Tíu sjúklingar eru í sérstöku eftirliti með tilliti til innlagnar og eru alls fimm starfsmenn spítalans í einangrun og 225 í vinnu-sóttkvi.

„Í ljósi þess að faraldurinn er í veldisvexti, verkefni Covid-göngu-deildar aukast daglega í samræmi við það, fleiri sjúklingar í eftirliti eru veikir, fjöldi starfsfólks er í sóttkvi vegna útsetninga og nýlegrar komu erlendis frá, mönnun er með minnsta móti vegna sumarleyfa auk þess sem mikil óvissa ríkir um þróun faraldursins, innlagnatíðni og alvarleika veikinda, hafa farsóttanefnd og viðbragðsstjórn Landspítala ákveðið að setja spítalann á hættustig,“ segir í tilkynningu. ■

Minningin lifir



Minningarathöfn fór fram í gær fyrir þá sem létust í hryðjuverkaárásinni í Noregi fyrir tíu árum. Meðal þeirra sem minntust fórnarlambanna var forseti Íslands. Ungir jafnaðarmenn stóðu fyrir friðargöngu að minningarlundi í Vatnsmýri. Alls létust 77 í árásinni, þar af 55 undir tvítugu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stór hluti af árstekjunum þessa helgi

VESTMANNAEYJAR „Það er ekkert búið að gefa neitt út en það óhætt að segja að maður bíði með öndina í hálsinum eftir frekari fregnum. Það verður áhugavert að fylgjast með vendingum þessa máls í dag.“ Þetta segir Bergvin Oddsson, annar eigandi 900 Grillhúss í Vestmannaeyjum, aðspurður um óvissuna sem ríkir um hvort Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum fari fram þetta árið í ljósi þess að von er á hertum aðgerðum stjórnvalda vegna nýrrar bylgju kórónaveirusmita.

Ríkisstjórn ræðir í dag nýjar tillögur Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis, viku fyrir stærstu ferðahelgi ársins. Óhætt er að segja að íbúar Vestmannaeyja fylgist spenntir með frekari tíðindum eftir að Þjóðhátíð var blásin af á síðasta ári. Um er að ræða gríðarlega mikilvæga tekjulind fyrir ÍBV en um leið veitinga-



Bergvin Oddsson, annar eigandi 900 Grillhúss.

rekstur á svæðinu. „Það er ekkert víst að öll fyrirtækin í Vestmannaeyjum þrauki af annað ár án Þjóðhátíðar. Þessi helgi er yfirleitt að skila tuttu til þrjátíu prósentum af heildartekjum ársins hjá veitingastöðunum og yfirleitt aldrei undir fimmtán prósentum,“ segir Bergvin og ályktar að aflýsing myndi verða samfélaginu í Vestmannaeyjum dýr. „Það eru líka margir íbúar sem hafa aukatekjur af hátíðinni, ýmist með því að leigja út húsnæði eða sem vinna á hátíðinni.“ ■

Ævintýraskip til sölu á tíu milljarða í Reykjavíkurhöfn

Lítið lát er á heimsóknnum lúxussnekkja til Íslands. Þessa dagana er skip rússnesks auðjöfurs í Reykjavíkurhöfn. Skipið er sagt vera hlaðið leikföngum á borð við kafbát og þyrllu. Það fæst keypt fyrir jafnvirði tíu milljarða króna.

odduraevar@frettabladid.is

SIGLINGAR Skemmti- og ævintýraskip rússneska milljarðamæringins Vladímírs Strzhalkovskí er nú í Reykjavíkurhöfn. Lúxussnekkjan sem metin er á tíu milljarða króna er til sölu og heitir Ragnar.

Ragnar var smíðaður árið 2012 í Hollandi og er snekkjan nefnd í höfuðið á víkingnum Ragnari loðbrók sem fékk skip frá konungnum föður sínum og lagðist í víking. Nafngiftin er til marks um það að hér er um ævintýraskip að ræða.

Tólf gestir geta verið um borð í Ragnari hverju sinni og skipinu fylgir sautján manna áhöfn. Rekstrarkostnaður snekkjunnar á ári hverju er sagður vera á bilinu 629 milljónir til milljarður króna.

Í ævintýrasnekkjunni er að sjálf-sögu þyrlopallur og sundlaug. Þá fylgir sérútbúinn torfærubíll skipinu og líkamsræktarsalur er um borð í hinu 68 metra langa fleyi.

„Ragnar var smíðaður til að taka gesti út úr þægindarammanum og inn í ókortlagðan heim snævipaktra fjallstinda, óbliðra sífrera og kolsvartra hafdjúpa sem iða af sjávarlífi,“ segir um skipið á á vefnum superyachttimes.com.

Innanstokks bera innréttingar keim af áhugamálum Strzhalkovskís. „Eigandinn er gríðarlega áhugasamur um miðaldaorrustur og -vopn,“ segir á superyachttimes.com.

Ragnar getur brotist í gegn um



Ævintýraskipið Ragnar getur brotist í gegnum ís og siglt í öllum veðrum með tólf farþega og sautján manna áhöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ragnar var smíðaður til að taka gesti út úr þægindarammanum og inn í ókortlagðan heim snævipaktra fjallstinda, óbliðra sífrera og kolsvartra hafdjúpa sem iða af sjávarlífi.

superyachttimes.com

heimskaútaís og hefur afl til að takast á við öll veður,“ segir á burgessyachts.com. Gestir munu þurfa að minnsta kosti viku til að reyna öll leikföngin um borð, þar með

talda Airbus EC145-þyrllu og þriggja manna kafbát,“ segir enn fremur á burgessyachts.com þar sem fleyið hefur verið boðið til sölu.

Auðævi Vladímírs Strzhalkovskí, eiganda Ragnars, eru metin á 400 milljónir Bandaríkjadollara eða því sem nemur 50 milljörðum íslenskra króna.

Hinn 67 ára Strzhalkovskí er hagfræðimenntaður frá Leníngradháskólanum í St. Pétursborg í Rússlandi. Hann starfaði innan stjórnsýslunnar í heimalandi sínu, meðal annars innan leynipjónustunnar KBG, þar sem hann komst í kynni við Vladímír Pútín, síðar forseta Rússlands. Strzhalkovskí auðgaðist meðal annars á 100 milljóna dala starfslokasamningi hjá málmfyrirtækinu Norilsk Nickel árið 2011.

Fyrir áhugasama er myndasýrpa af þessu forvitnilega skipi á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is, í dag. Virðast sumar myndanna jafnvel teknar við Íslandsstrendur og gætu lesendur spreytt sig og kannað hvort þeir þekkja landslagið í bakgrunni myndanna. ■

LOKADAGAR
ÚTSÖLU
ENN MEIRI
VERÐLÆKKUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is



Það er ekkert gefið eftir á ReyCup.

ReyCup áfram þrátt fyrir smit

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Leikmaður á ReyCup, einu af stærstu knattspyrnumótum ársins, greindist smitaður af Covid-19 í gær og er lið þessa einstaklings og mótherjar þeirra komnir í sóttkví. Þá dró eitt félag sig úr keppni á síðustu stundu vegna smits aðstandanda. Í yfirlýsingu mótshaldara kemur fram að ákvörðun hafi verið tekin í samráði við almannavarnir um að halda áfram dagskrá. Skipulagi er varðar gistingu verður ekki breytt en skipuleggjendur munu bregðast við þeim takmörkunum sem verða settar í dag ef þær ná til mótsins. ■

MDE vísar máli Stefáns Karls frá

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Máli lögmannsins Stefáns Karls Kristjánssonar var vísað frá Mannréttindadómstól Evrópu í vikunni, með vísan til niðurstöðu yfirdeildar réttarins í máli lögmannanna Gests Jónssonar og Ragnars Hall. Stefáni Karli var gerð réttarfarssekt árið 2017 fyrir að hafa ekki mætt til þinghalda í máli skjöl-stæðings síns.



Stefán Karl Kristjánsson, lögmaður.

Í desember í fyrra vísaði yfirdeild MDE frá máli þeirra Gests og Ragnars sem einnig höfðu fengið réttarfarssekt er þeir sögðu sig frá Al-Thani málinu í mótmælaskyni. Að mati yfirdeildarinnar var ekki um refsingu að ræða heldur agaviðurlög. Af því leiði að mati dómsins að ákvæði um réttláta málsmeðferð eða bann við refsingu án laga eigi ekki við. ■

Nýtt göngukort fyrir Geldingadali á vef og prenti

gar@frettabladid.is

LANDAFRÆÐI „Það vantaði algerlega kort yfir svæðið, sérstaklega með örnefnum,“ segir Tómas Guðbjartsson, hvatamaður að og höfundur texta á korti sem Ferðafélag Íslands gefur út í dag og sýnir margvíslegar gönguleiðir við og að gosstöðvunum í Geldingadöllum. „Það sem sló mig er hvernig allir eru að ganga út um allt. Bæði öryggisins vegna og líka gróðursins vegna vildum við fá fólk til að nota hefðbundnu gönguleiðirnar og líka þá

slóða sem eru þarna; gamla jeppavegi og kindagötur,“ útskýrir Tómas. Kortið fæst í útvistarverslunum. Því fylgir kóði með aðgangi að kortinu sem verður uppfært á vef Ferðafélags Íslands eftir því sem málin þróast á gosstöðvunum. „Allur ágóði rennur til björgunar-sveitanna,“ segir Tómas. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, keypti fyrsta kortið í gær. „Hann frétti af þessu og lýsti sig reiðubúinn að kaupa fyrsta kortið. Það var mjög ánægjulegt,“ segir Tómas. ■



Tómas Guðbjartsson afhendir Guðna Th. Jóhannessyni kortið. MYND/ADSEND

Telur heimilt að skikka fólk í skimun

Sérfræðingur í vinnurétti telur að atvinnurekandi hafi heimild til að skipa starfsfólki að fara í skimun áður en það mætir aftur til vinnu eftir dvöl erlendis. Þetta telst ekki út fyrir það sem skynsemi mælir með á þessum tímum.

thorvardur@frettabladid.is

COVID-19 Borið hefur á því að fyrirtæki hérlandis beini þeim tilmælum til starfsfólks sem kemur frá útlöndum að mæta ekki til vinnu nema að undangengnu Covid-prófi. Sérfræðingur í vinnurétti telur atvinnurekendum heimilt að krefjast þess af starfsfólki að það fari í skimun en annað gildi um bólusetningar.

Sesselía Birgisdóttir, forstöðumaður nýsköpunar og markaðsmála hjá Högum, segir öryggisdeild fyrirtækisins beina þeim tilmælum til starfsmanna fyrirtækja félagsins að fara í skimun eftir dvöl erlendis áður en þeir koma til vinnu af öryggisástæðum. Beri starfsmaður kostnað af skimuninni greiða Hagar hann.

„Atvinnurekandi hefur stjórnunarvald yfir starfsmönnum sínum, skipunarvald og þeim ber að hlýða,“ segir Lára V. Júlíusdóttir, hæstaréttarlögmaður og sérfræðingur í vinnurétti. „Það þarf að hafa í huga að þetta eru fordæmalausir tímar.“ Það kunni að vera ágætlega ígrunduð rök fyrir því að óska eftir því að starfsmenn fari í skimun.

„Í ljósi þess að atvinnurekandi getur óskað eftir því við starfsmann að hann verði heima til að byrja með eða heima eftir sumarfrí eða honum er sagt upp og hann þarf ekki að vinna uppsagnarfrest eða eitthvað því um líkt, hann ræður hvaða störfum starfsmaður



Sérfræðingur í vinnurétti telur atvinnurekendum heimilt að skylda starfsfólk sitt til að fara í Covid-skimun áður en það mætir til vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Atvinnurekandi geti óskað eftir þessu og fólk verði bara að sæta því enda sé þetta ekki langt út fyrir það sem skynsemi mælir með.“

Lára V. Júlíusdóttir, hæstaréttarlögmaður og sérfræðingur í vinnurétti.

sinnir og eins því hvort starfsmaður sinni einhverjum störfum yfirleitt. Ef atvinnurekandi segir að þú þurfir fyrst að fara í skimun, ef þetta tekur einhvern tíma eða einhver óþægindi hljóta af eða kostnaður eða eitthvað slíkt, þá þarf atvinnurekandi að standa straum af þeim kostnaði og greiða viðkomandi laun á þeim tíma sem þetta tekur,“ segir Lára.

Að hennar mati væri það erfitt fyrir starfsmann að halda því fram að með því að skikka sig í skimun sé atvinnurekandi að fara út fyrir valdsvið sitt. „Ég myndi halda að starfsmaður sem telur að atvinnurekandi fari þarna út fyrir vald-

svið sitt að einhverju leyti, hann sé bara ekkert í mjög góðum málum. Atvinnurekandi geti óskað eftir þessu og fólk verði bara að sæta því enda sé þetta ekki langt út fyrir það sem skynsemi mælir með,“ segir hún.

Annað gildir að hennar sögn um að krefja starfsmann um bólusetningu. „Ég tel að bólusetning sé svo sterkt inngrip að atvinnurekandi geti ekki skyldað starfsmann til slíks gegn vilja starfsmannsins. Vinnuréttarskyldur geti ekki náð svo langt. Atvinnurekandi þarf hins vegar ekki að hafa óbólusettan mann í vinnu og getur sagt honum upp starfi,“ segir Lára. ■

Hraunið fær nafn en gígarnir bíða

adalheidur@frettabladid.is

ELDGOS Mennta- og menningarmálaráðherra hefur staðfest ákvörðun bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar um nýtt örnefni á hraunið sem orðið er til í Geldingadöllum. Hefur örnefnið Fagradalshraun, sem lagt var til við ráðherra á grundvelli laga um örnefni, verið staðfest af ráðherra.

Um 350 tillögur að nafni á hraunið bárust í örnefnasamkeppni sem sveitarfélagið stóð fyrir í byrjun apríl. Í kjölfarið var ákveðið að senda tvær nafnatillögur til örnefnanefndar til umsagnar, Fagradalshraun og Fagrahraun. Í kjölfar umsagnar nefndarinnar lagði bæjarráð til að Fagradalshraun yrði fyrir valinu.

Þegar samkeppninni var hleypt af stokkunum óskaði bæjarráð eftir hugmyndum að nafni bæði á



Fagradalshraun hefur runnið í rúma fjóra mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hraunið og gígana en gígarnir hafa enn ekkert nafn fengið þrátt fyrir að fjölmargar hugmyndir hafi borist.

„Við bárum þetta undir örnefnanefnd og þeir lögðust gegn því að gígarnir fengju nafn að svo stöddu,“

segir Fannar Jónsson, bæjarstjóri í Grindavík, og bætir við: „Þar sem enn er ekki vitað hvernig þetta endar og gosinu enn ólokið taldi nefndin að best færi á því að hinkra með nafngjöf á gígana.“ ■

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

GRILL

HAMBORGARINN

ÍSLENSKT
30%
FITA
NAUTAKJÖT

20%
afsláttur



Hagkaups
Hambó#1 og Spicy Majo

379 kr/stk



ÍSLANDS
NAUT
Stolt höfnunarmarkaðs

Grill hamborgarinn
2 x 130 g

599 kr/pk

Verð áður 749 kr/pk



Snowdonia cheddar
Black Bomber

779 kr/stk



20%
afsláttur

✦ SÉRVALIÐ ✦

Lambaprime í grillsmjöri

3.599 kr/kg

Verð áður 4.499 kr/kg



27%
afsláttur

SS

Ungnautahakk 8-12%

1.299 kr/kg

Verð áður 1.799 kr/kg



15%
afsláttur

✦ SÉRVALIÐ ✦

Lambalærisneiðar
Með salvíu, oregano og chili

2.889 kr/kg

Verð áður 3.399 kr/kg

Nú í umhverfisvænni
umbúðum



Sérvaldar kryddblöndur
í samstarfi við Kryddhúsið

Verð frá 1.199 kr/stk



Lillie's BBQ sósur - 594 ml

999 kr/stk



Bakariid
Gómsæt brauðsalöt

599 kr/pk

Tilboð gilda út 25. júlí

MUNDU
EFTIR
FJÖLNOTA

HAGKAUP

Mælir gegn því að Vaka fái undanþágu fyrir vinnslu úrgangs

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Vaka ætti ekki að fá undanþágu til að halda áfram rekstri móttökustöðvar fyrir úrgang á Héðinsgötu 2, segir í umsögn skipulagsfulltrúans í Reykjavík til umhverfisráðuneytisins.

Vaka sendi erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og óskaði eftir tímabundinni undanþágu frá kröfum um starfsleyfi. Var það gert eftir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi starfsleyfi Vöku úr gildi í síðasta mánuði. Óskaði ráðuneytið í kjölfarið eftir umsögnum frá skipulagsfulltrú-

anum og byggingarfulltrúanum í Reykjavík auk heilbrigðiseftirlitsins.

Umsókn Vöku um undanþágu er í raun fjórskipt; ein fyrir bifreiða- og vélaverkstæði, önnur fyrir dekkja-verkstæði, sú þriðja fyrir bílapartasölu og þá fjórðu vegna móttöku-stöðvar fyrir úrgang.

Skipulagsfulltrúi borgarinnar lagði fram umsögn sína um mál Vöku á afgreiðslufundi embættisins í fyrradag. Er þar vitnað til niður-stöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá því 25. júní síðastliðinn um að starfsemi Vöku á Héðinsgötu félli ekki að skilmálum

deiliskipulags sem gerði ráð fyrir umbúðaframleiðslu, vörugeymsl-um og þjónustu á lóðinni. Því hafi starfsleyfi Vöku vegna móttöku-stöðvar fyrir úrgang, bílapartasölu, bíla- og vélaverkstæði og dekkja-verkstæði verið fellt úr gildi.

Í aðalskipulagi er heimild fyrir léttan iðnað á Héðinsgötu 2. Vitnar skipulagsfulltrúi áfram til úrskurð-arnefndarinnar um að móttaka og úrvinnsla úr sér genginna bíla falli ekki undir léttan iðnað.

„Starfsemin hefur í för með sér mengunarhættu og er ekki hægt að fallast á að hún sé hreinleg,” segir skipulagsfulltrúi í umsögn sinni. ■



Starfsemi Vöku á Héðinsgötu hefur verið harðlega gagnrýnd af íbúum í Laugarneshverfi vegna mengunar og óþrifnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lækka leiguna

birnadrofn@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Stór hópur leigj-enda hjá íbúðafélaginu Bjargi mun fá lækkun á leigu er nemur allt að 35 þúsund krónum á mánuði frá 1. september.

Á vef Stjórnarráðsins er ástæða lækkunarinnar sögð vera „hagstæð ný langtímafjármögnun á lánum félagsins hjá Húsnæðis- og mann-virkjastofnun.“



Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, segist stoltur af aðgerðinni. „Ég hef lagt mikla áherslu á fjármögnun Bjargs til lengri tíma enda tryggir þetta miklu lægri leigu fyrir leigjendur félagsins.“ ■

Leiguhúsnæði frá Brieti á Kópasker

adalheidur@frettabladid.is

KÓPASKER Briet leigufélag áformar uppbyggingu leiguhúsnæðis á Kópaskeri. Í tengslum við þau áform vinnur Norðurþing að íbúa-könnun um húsnæðismál á Kópa-skéri og nágrenni. Fjallað var um málið í skipulagsráði Norðurþings í vikunni.

Íbúar Kópaskers eru 188 og hefur fækkað á undanförnum árum. ■

Síðbúin uppskera vegna vorkuldans

Kaldir vordagar verða til þess að útiræktað íslenskt græn-meti kemur seinna í verslanir en oft áður. Von er á íslensk-um radísum í fyrsta sinn.

birnadrofn@frettabladis.is

LANDBÚNAÐUR Íslenskt útiræktað grænmeti er um það bil tveimur vikum seinna á ferðinni í ár en vanalega. Ástæðan er kalt vor. „Maí-mánuður var kaldur og það rigndi lítið,” segir Kristín Linda Sveins-dóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna.

„Veðrið var auðvitað misjafnt eftir landshlutum en aðalútiræktunar-svæðið er Flúðasvæðið á Suðurlandi og þar var kalt,” segir Kristín. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var maímánuður hér á landi þurr um allt land og óvenju lítið rigndi fyrstu þrjár vikur mánaðarins. Meðalhiti í Árnesi í maí síðast-liðnum var 4,8 stig sem er 1,7 stigum undir meðaltali árána 1991 til 2020.

„Kartöflurnar komu á markað í síðustu viku og við erum farin að sjá glitta í litla fallega blómkáls-hausa sem verða stórglæsilegir innan skamms, næstu vikurnar mun þetta svo allt tikka inn,” segir Kristín. Þá segir hún að innan skamms megi meðal annars finna íslenskt spergilkál, gulrætur, hvít-kál, selleri, hnúðkál og rauðröfur í verslunum landsins.

„Rauðröfur eru auðvitað súper-fæða og af því að það er mikil eftirspurn eftir þeim þá hafa okkar bændur sett meira niður af rauðröfufraðum og svo vonum við að veðrið verði þannig að uppsker-an verði meiri,” segir Kristín.

Spurð að því hvernig veður sé hagstæðast til grænmetisræktunar segir Kristín það vera ágætis hlýindi með sól og rigningu til skiptis. „Það



Grænmetið er tveimur vikum seinna á ferð en venjulega vegna kuldans sem verið hefur sunnanlands. MYND/ADSEND

”

Við erum farin að sjá glitta í litla fallega blómkálshausa sem verða stórglæsilegir innan skamms.



Kristín Linda Sveinsdóttir, hjá Sölufélagi garðyrkjumanna.

er jafnslæmt að vera með endalausar rigningu og að hafa endalausar sól, þá þarf að vökva,” segir hún.

Kristín segir grænmetisbændur á Íslandi þó heppna hvað varðar aðgengi að vatni til vökvunar. „Bændur á Flúðasvæðinu nota sem dæmi bara vatnið úr Hvitánni til þess að vökva garðana,” segir hún.

Ákveðin nýjung á íslenskum grænmetismarkaði er þetta árið íslenskar radísur að sögn Kristínar. „Það er bóndi á okkar vegum farinn að rækta radísur og þær eru komnar á markað í einhverju magni og ef markaðurinn tekur þeim vel er hægt að auka magnið.“

Aðspurð um aðrar breytingar eða nýjungar á markaði segir Kristín ákveðnar breytingar vera að eiga sér stað varðandi neyslu á rauðkáli. „Það vildi aldrei neinn kaupa rauð-

kál nema bara fyrir jólin en núna með nýrri kynslóð og aukinni fjöl-breytni er rauðkál bara að verða vinsælla og vinsælla,” segir hún og bætir við: „Rauðkálið er orðið vinsælt í salat og kemur í verslanir eftir svona tvær vikur ásamt hvítkáli.“

Aðrar breytingar segir Kristín snúa að umbúðum grænmetisins. Radísurnar komi til að mynda í plast-fötum með loki úr pappa sem geri það að verkum að fatan innihaldi um 40 prósent minna plast en vani sé.

„Við leggjum okkur mikið fram um að vera umhverfisvæn en ákveðnu grænmeti er nauðsynlegt að pakka inn,” útskýrir Kristín. „Með umbúðunum reynum við að koma í veg fyrir matarsóun, merkja grænmetið til að aðgreina það frá innfluttu grænmeti og sýna fram á rekjanleika þess.“ ■

Leggja baráttu gegn loftslagsbreytingum lið með hakkapóni

thorvaldur@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Drawdown Europe er Evrópuangi verkefnisins Project Drawdown sem stofnað var 2014 af bandaríska umhverfissinnanum Paul Hawken en stærsta markmið þess er að halda utan um lista yfir hundrað mikilvægustu lausnirnar til að afstýra yfirvofandi loftslags-hörmungum.

Ungir umhverfissinnar standa að viðburði í Hinu húsinu 24. og 25. júlí þar sem íslenskir forritarar og áhuga-menn um loftslagsmál geta fræðst um verkefnið og tekið þátt í hakka-þoninu. Stefán Örn Snæbjörnsson, sem er einn skipuleggjenda ásamt Gamithra Marga, segir markmið viðburðarins vera tvíþætt.

„Í fyrsta lagi að auka smá vitneskju og vitund um Drawdown-verkefnið

á Íslandi. En svo er það líka að reyna að virkja íslenska forritara til að hugsa um hvernig hægt sé að koma þessum lausnum yfir í betra tölvu-tækt form og leggja þannig barátt-unni gegn loftslagsbreytingunum lið.“

Stefán segir að helsta verkefni hakkapónsins sé að yfirfæra loftslagslausnir frá einu forriti yfir í annað.

„Grunnvandamálið hjá Draw-down er að þeir eru með líkan til að ná utan um samdrátt í kolefnislos-un og kostnað við aðgerðir í excel. Vandamálið er að það tekur um þrjár mínútur fyrir excellforrit að hugsa þannig að þeir eru að reyna að færa þetta yfir í forritið Python og halda hakkapónið til að reyna að finna lausnir til að koma þessu meira yfir í hugbúnaðar- og tölvu-



Gamithra Marga og Stefán Örn Snæbjörnsson, skipuleggjendur viðburðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

form með framlögum í svokallaða open-source kóða,” segir Stefán.

Hann hvetur alla til að skrá sig og segir að hakkapónið sé alls ekki bara fyrir forritara heldur alla þá sem hafa áhuga á raunhæfum lausnum í baráttunni gegn loftslagsvánni. Þá sé ekki nauðsynlegt að mæta á staðinn til að taka þátt.

„Það geta allir skráð sig og tekið þátt heima hjá sér í tölvunni, þessi viðburður sem við erum að halda er bara fyrir þá sem hafa áhuga á að hittast í persónu og vinna saman sem lið að þessum lausnum. En það er oft skemmtilegasti parturinn við hakkapón þegar fólk kemur saman með svipað hugarfar,” segir Stefán.

Áhugasamir geta nálgast frekari upplýsingar á Facebook-viðburð-inum Drawdown Solutions hakka-þon // Reykjavík. ■

B&O




Beovision Eclipse 55" & 65"

Með bestu hljómgæðum sjónvarpstækja, fagurlega hannað, fellur að þínum lífstíl.



Beovision Harmony 65" 77" & 88"

Hannað með upplifun kvikmyndasýninga í huga, mögnuð upplifun í hljóði og mynd.



Beovision Contour 48"

Tímalaus & klassísk hönnun, stílhreint sjónvarp með Oled skjá, kraftmikið hljóðkerfi sem fyllir út í rýmið.



BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 530 2800
ORMSSON.IS

Vestrænir blaðamenn gægjast inn í fangabúðirnar

thorgrimur@frettabladid.is

KÍNA Blaðamenn Associated Press fengu nýlega aðgang að stærstu fangabúðunum í kínverska héraðinu Xinjiang, Urumqi nr. 3, þar sem fjöldi fólks af þjóðerni Úígúra er haldið fongnum. Var þetta í fyrsta skipti sem fulltrúum vestræns fjölmiðils var hleypt inn í fangabúðir Kínverja í héraðinu.

Kínverskir embættismenn neituðu að greina frá því hve margir fangar eru í búðunum en fréttamönnum taldist svo til að hægt væri að vista þar að minnsta kosti

10.000 manns út frá gervihnattarmyndum og stærð fangaklefanna sem þeir sáu.

„Það voru engin tengsl milli vistunarbúðanna okkar og þjálfunarbúðanna,“ sagði Zhao Zhongwei, framkvæmdastjóri öryggisskrifstofunnar í Urumqi, við fréttamenn AP. „Þær hafa aldrei verið hér um slóðir.“ Hinar svokölluðu þjálfunarbúðir Kínverja í Xinjiang eru fangabúðir þar sem fólk af minnihlutabjóðerni, sérstaklega Úígúrar, hefur verið fangelsað án ákæru eða málsmeðferðar og sætir endurhæfingu til þess að gera



Úígúrar krefjast upplýsinga um fangelsaða ættingja við kínverska sendiráðið í Ístanbul í febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

það tryggara kínverskum stjórnvöldum.

Samkvæmt frétt AP báru fangabúðirnar þess merki að hafa áður verið þjálfunarbúðir þrátt fyrir að embættismenn þar hafni því að svo hafi verið. Meðal annars sáu gömul skilti þar sem hugtakið „þjálfunarbúðir“ var notað.

Fréttamennirnir sáu engin ummerki um pyntingar eða barsmíðar í búðunum en tóku fram að fleiri byggingar hefðu verið í kringum búðirnar og að embættismennirnir hefðu ekki sagst vita hvað þar væri. ■

Skilningur á mótefnasvarinu alltaf að aukast

Vísindamenn vonast eftir því að geta brátt skilið til fullnustu mótefnasvar líkamans við Covid-19. Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir á ónæmisfræðideild Landspítalans, segir rannsóknirnar hluta af „lyklakippunni“ að sigrinum gegn Covid-19, frekar en lykilinn.

odduraavar@frettabladid.is

COVID-19 Rannsókn sem birtist í New England Journal of Medicine í gær er það fréttæmasta sem fram hefur komið í báráttunni gegn veirunni sem veldur Covid-19, að mati Björns Rúnars Lúðvíkssonar, yfirlæknis á ónæmisfræðideild Landspítalans. Hún sýni fram á mikið gagn bóluafna Pfizer og Astra-Zeneca gegn sjúkdómseinkennum sem Delta-afbrigðið veldur, þvert á niðurstöður frumrannsókna.

„Auðvitað hefði maður viljað að bóluafnin hefðu komið í veg fyrir meira smit en megintilgangurinn með bóluafnunum er fyrst og fremst að koma í veg fyrir sjúkdóma, ekki endilega smit,“ segir Björn. Rannsóknin sýni ótvírætt að bólusettir smiti margfalt minna en óbólusettir.

„Það útilokar hins vegar ekki að í ákveðnum aðstæðum, eins og í margmenni og ef fólk er að öskra mikið eða syngja upp í hvert annað, eykst dreifingin á veirunni og hún getur smitað fleiri,“ segir Björn. Bólusettir geti smitað aðra í slíkum aðstæðum, þótt þeir hafi litið magn.

„Þessi rannsókn sýnir að munurinn er minni en við höldum fyrst,“ segir Björn og vísar til virkni bóluafnanna gegn Delta. „Núna er virknin 94 prósent ef þú ert með Pfizer, fullbólusettur gegn sjúkdómseinkennum. Ekki af því að smitast, heldur að fá Covid-sjúkdóminn. En 88 prósent fyrir Delta-afbrigðinu. Þannig að munurinn er ekki nema sex prósent. Það eru sláandi niðurstöður,“ segir hann. Niðurstöðurnar séu töluvert betri en vísindamenn hafi þorað að vona vegna Delta.

Aðspurður segir Björn leitina enn standa yfir að hinu rétta mótefnasvari Covid-19, sem þá getur nýst til að breyta bóluafnum með litlum fyrirvara eins og gert er með flensu-sprautu ár hvert.

Lyklakippa en ekki lykill

„Það er hinn heilagi kaleikur í þessu,“ segir Björn. Leitin hafi staðið í langan tíma en þetta sé meðal annars rannsakað, á ónæmisfræðideild Landspítalans, í þeim sem smitast hafa af veirunni.

„Svo eru stórar rannsóknir í gangi núna á bólusettum til að bera saman þessa þætti. Það er að segja: Eru einhver ákveðin mörk eða tegund ónæmissvara sem segir til um það hversu mikla vernd þú hefur gegn sjúkdómnum, ef þú lendir í smiti?“ útskýrir Björn.

„Það er byrjuð að detta inn ein og



Ný bylgja er hafin í faraldrinum á Íslandi og gríðarlangar biðraðir voru í skimun á Suðurlandsbraut í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Björn Rúnar Lúðvíksson yfirlæknir.

MYND/ARNÞÓR BIRKISSON

ein lítil grein, þar sem það eru byrjaðar að koma fram visbendingar um eitthvað af þessu, þannig að við vitum í dag að það eru ákveðnar tegundir af mótefnum í blóði fólks, svokölluð hlutleysandi mótefni eða „neutralising antibodies“ sem þeir eru farnir að kalla á enskunni „neuts“, sem skipta máli,“ segir Björn.

Þetta hafi verið vitað í meira en ár. „Og við erum hægt og rólega að læra meira um hver af þeim eru mikilvægust. Þannig að mótefni og mótefni eru ekki það sama.“

Björn útskýrir að svo séu til mismunandi tegundir af mótefnum í blóðinu. „Þú getur verið með frumsvarið, ónæmisvarið, sem er alltaf af svokallaðri IGM-gerð, en svo þegar það kemur minni, og þess vegna er svo mikilvægt að bólusetja, og sérstaklega í endurbólusetningunni, þá erum við að styðja við að það verði langvarandi minni í ónæmiskerfinu. Þá breyta þessi mótefni sér, þannig að við förum að fá svokallaða IGG-gerð eða IGA-gerð.“

Björn segir IGG-tegund mótefnis vera í blóðinu og almennt í líkamnum. „Á meðan IGA er meira á yfirborði slímhúðarinnar eins og í öndunarveginum. Og þú getur verið með svo mismunandi mótefni sem beinast gegn mismunandi svipgerð veirunnar, út af því að hún er með svo mörg andlit. Mótefnin kannski þekkja bara hluta af nefinu á meðan annað þekkir bara eyrun og svo framvegis,“ útskýrir Björn.

„Og það sem menn eru að reyna að kortleggja er hvaða tegund af mótefni og hvaða undirflokkar og sértæka mótefni skipta máli eða er það eitthvert hlutfall þarna á milli? Það eru menn að reyna að sortera og við erum farin að fá meiri svör þar.“

Björn segir þetta ekki einu spurninguna. „Er það þá ákveðið magn af þessum tilteknu mótefnum sem skiptir máli og er það samantlagt magn allra þessara mismunandi mótefna? Vegna þess að ónæmiskerfið er svo klárt að það býr til margar tegundir af mótefnum þegar við erum bólusett og þegar við erum sýkt. Þannig að það er ekki bara einhver ein tegund. Við þessu erum við að reyna að fá svör,“ segir Björn. Það séu ekki komin afgerandi svör við þessum spurningum en myndin skýrist þó hægt og rólega.

„Við vitum það samt að þeim sem eru lágir á þessum skala virðist vera hættara við að fá sýkingu en þeim sem eru með mikið magn. Við vitum ekki nákvæmlega hvar mörkin eru. Það er vandinn.“

Aðspurður hvort svörin við þessu verði lykillinn að lausninni segir Björn:

„Sigurinn gegn Covid er heil lyklakippa, ekki einhver einn lykill.“ Hann bendir á gríðarlegan árangur af bólusetningum hér á landi. „Við sjáum það í því hvernig fjöldi dauðsfalla hefur minnkað og spítalainnlögnum þótt búið sé að opna svona mikið. Við sjáum það líka hérna heima, við erum að fá fjölgun í sýkingum, að það er fólk sem er veikt en er ekki jafn lasið og það var áður. Það sýna þessar rannsóknir.“

T-frumurnar skipta líka máli

Björn býðst svo til að flækja málið enn meira með T-frumum sem hafa verið hans rannsóknarefni alla tíð. Svar T-frumanna gegn smiti sé frumubundna svar ónæmiskerfisins. Það er jafn mikilvægt og mótefnasvarið að sögn Björns. „Fréttalutningurinn hefur fyrst og fremst varðað mótefnasvörin en við vitum að T-frumusvarið skiptir jafn miklu máli og þessi tvö svör þurfa að tala saman.“

Björn segir kostinn við bóluafnin þann að þau leiði til mjög öflugs svars á báðum vígstöðvum. Ekki bara mótefnasvars heldur líka T-frumusvarsins. „Það sem er nýjast í þessu er þessi styrkleiki í frumubundna svarinu, T-frumunum,“ útskýrir Björn.

Hvenær lýkur þessu?

„Lærið mín, Anthony Fauci, er búinn að vera að vara heimsbyggðina í rúm tuttugu ár við hættunni af mismunandi sýklaafbrigðum sem eru á ferðinni, bæði nýjum afbrigðum eins og við erum að sjá í þessum faraldri og fjölónæmum

bakteríum sem eru hægt og rólega að breiðast út og valda gríðarlegum vanda,“ segir Björn. Það sem Fauci varaði við hafi því miður raungerst í Covid.

„Ég held að við séum bara að upplifa núna breyttan heim og þurfum að hafa varann á og hegða okkur aðeins öðruvísi og af meiri skynsemi, passa almennt upp á sóttvarnir alls staðar, í fjölmenni sérstaklega og lokuðum rýmum. Þetta þurfum við að tileinka okkur.“

Björn segir góðu fréttirnar þær að vísindin hafi enn og aftur sannað gildi sitt með þróun bóluafnanna og samstarfi vísindamanna um heim allan. „Við erum að ganga í gegnum algjörlega nýjan heim af virkni bóluafna og notkun bóluafna. Ekki bara sýklum heldur líka öðrum sjúkdómum. Þessar framfarir munu hjálpa okkur í baráttunni gegn krabbameini, sjálfsöfnæmissjúkdómum, ofnæmissjúkdómum og ýmsu öðru. Þannig að það er það sem er að raungerast núna frammi fyrir augum okkar, sem er algjörlega stórkostlegt.“

En lykillinn er kannski þessi, segir Björn: „Fólk á að njóta þess að vera fullbólusett en við megum ekki gleyma því samt að þó að vörnin sé núna 88 prósent gegn Delta-afbrigðinu, hjá fullbólusettum gegn því að fá alvarlegan sjúkdóm, þá þýðir það að það eru 12 af hverjum 100 sem fá sjúkdóminn. Það eru þá 120 af hverjum 1.000, þannig að þetta er ekki lítil tala. En þetta er samt verulega góður árangur og miðað við önnur bóluafni.“ ■

ALLAR SKÓLATÖSKUR 20% AFSLÁTTUR



Skólataska 16L
TILBOÐSVERÐ: 19.999.-
Verð áður: 24.999.-



Skólataska 16L
TILBOÐSVERÐ: 19.999.-
Verð áður: 24.999.-



Skólataska 16L
TILBOÐSVERÐ: 19.999.-
Verð áður: 24.999.-



Skólataska 16L
TILBOÐSVERÐ: 19.999.-
Verð áður: 24.999.-



Skólataska 22L
TILBOÐSVERÐ: 20.799.-
Verð áður: 25.999.-



Skólataska 22L
TILBOÐSVERÐ: 20.799.-
Verð áður: 25.999.-



Skólataska 18L
TILBOÐSVERÐ: 19.999.-
Verð áður: 24.999.-



Skólataska 18L
TILBOÐSVERÐ: 19.999.-
Verð áður: 24.999.-



Skólataska 22L
TILBOÐSVERÐ: 20.799.-
Verð áður: 25.999.-



Skólataska 22L
TILBOÐSVERÐ: 20.799.-
Verð áður: 25.999.-



Skólataska 22L
TILBOÐSVERÐ: 20.799.-
Verð áður: 25.999.-



Skólataska 22L
TILBOÐSVERÐ: 20.799.-
Verð áður: 25.999.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4
Selfossi - Brúarstræti 6

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 30. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Gagnrýnisleysi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Almenningi var á sínum tíma sagt að aðgerðir á Covid-tímum miðuðu að því að sjúkrahús fylltust ekki af alvarlega veikum einstaklingum. Þjóðin tók því hertum aðgerðum stjórnvalda með samþykki. Síðan var almenningi sagt að leiðin út úr Covid væri bólusetning. Fyrir vikið streymdi fólk í bólusetningu.

Nú er sagt að bólusetningar dugi ekki nægilega vel. Á sama tíma eru sjúkrahús ekki að fyllast af Covid-sjúklingum, fólk er ekki að deyja úr pestinni og langflestir sem veikjast finna fyrir litlum ein-kennum. Samt þarf að herða aðgerðir. Um leið má búast við mun meiri mótþróa hjá almenningi en áður. Fólk þarf að sjá vit í boðum og bönnum, ef það sér það ekki þá brýtur það reglur sem því finnst vera ósanngjarnar.

Það er algjörlega ljóst að skerðingar á frelsi fólks í Covid-fárinu verða að vera eins vægar og mögulegt er. Það er síðan ekki verjandi að viðhalda þeim þegar smitum fækkar og veikindi eru ekki alvarleg. Ekki sakar að hafa í huga að sjúkdómalaust samfélag verður aldrei til. Vonandi þykir það svo ekki dæmi um harðlyndi þegar bent er á að dauðinn er óumflýjanlegur hluti af lífinu en ekki nýttilkominn ógn.

Á undanförunum dögum hefur ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um sóttvarnaaðgerðir verið blásinn upp. Það er ofureðlilegt að þar séu skiptar skoðanir um þessi mál. Hér skal því haldið fram að það sé beinlínis æskilegt að einhugur ríki ekki.

Hinar heftandi aðgerðir á Covid-tímum hafa takmarkað mannréttindi og athafnafrelsi fólks. Engin ástæða er til að því sé tekið með þögninni einni. Það er líka óþarfi að láta eins og það sé nánast guðlast að vera ósammála sóttvarnalækni. Á sínum tíma sagði þríeykið að gagnrýni væri nauðsynleg, ekki væri gott ef hætt væri að spyrja um nauðsyn aðgerða. Vonandi er þríeykið enn þessarar skoðunar.

Einkennilegt er að horfa upp á það að viðhorf stjórnmalamanna til takmarkana og frelsissviptinga í Covid skuli fara eftir flokkslínunum. Sjálfstæðismenn hafa verið ötulastir við að minna á mikilvægi einstaklingsfrelsisins. Í öðrum flokkum hafa menn varla leyft sér að efast og spurt fárra spurninga. Satt best að segja hefur verið ömurlegt að horfa upp á það gagnrýnisleysi.

Þegar réttindi almennings eru skert eins og gerst hefur í Covid þá á fólk um leið rétt á að vita hversu lengi höft verði viðvarandi; sem sagt hvaða aðstæður þurfi að skapast til að þeim sé aflétt. Engin tegund hafta á síðan að festa sig í sessi og vera flokkuð sem „eðlilegt ástand“.

Íslenskir stjórnmalamenn hafa verið værukærir þegar kemur að því að huga að mannréttindum almennings á Covid-tímum. Frá þessu eru undantekningar og beinast þá augu fyrst og fremst að Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra, sem stendur mannréttindavaktina af röggsemi. Á dögunum sagði hún: „Markmiðunum má ekki breyta í sífellu.“ Einmitt það hefur gerst, þjóðinni er sagt eitt í dag og annað á morgun. Slikt dregur mjög úr vilja fólks til að fylgja reglum enda eru þær að taka stöðugum breytingum og verða æ mótsagnakenndari. ■


Það er líka óþarfi að láta eins og það sé nánast guðlast að vera ósammála sóttvarnalækni.

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐID.IS


Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tisku menningu, heilsu og margt fleira.

Fylgstu með á frettabladid.is/lifid

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Steinskráin

Hreinsun og viðhaldi steingerðu karlanna Kristjáns IX og Hannesar Hafstein, sem hafa lengi staðið vaktina fyrir framan stjórnarráðshúsið við Lækjartorg, miðar vel. Dana-konungur hefur þegar verið afhjúpaður en enn er verið að sinna fyrsta ráðherranum undir grænu neti. Engum sögum fer af því hvort skipt hafi verið um stjórnarskrá í framréttri hönd konungs enda harla ólíklegt að sú sem er klöppuð í stein og ekkert hefur hingað til fengið hagg að hafi vikið fyrir þeirri nýju við þessa uppfærslu.

Hitler milli vina

Mark Zuckerberg hefur ansi hreint góða stjórn á mál- og tjáningarfrelsi þeirra milljóna sem framleiða fyrir hann efni í sjálfboðavinnu sem Facebook-notendur. Fátt sleppur í gegnum nálaraugu algrímahers Zuckerbergs og þannig lenti Illugi Jökulsson í skammarkróknum og stuttu banni fyrir að hafa birt mynd af Adolf Hitler í athugasemd hjá fornvini sínum Agli Helgasyni. Vera, dóttir Illuga, upplýsti þetta þegar hún deildi vinsælli spurningapraut föður síns í þvingaðri fjarveru hans. Betur fór þó en á horfðist þar sem Illugi losnaði um svipað leyti úr prísundinni. ■

Hann las ekki yfir sig



Dagbjartur Gunnar Lúðvíksson
frambjóðandi Viðreisnar í Reykjavíkurborgardæmi suður.

Við höfum öll heyrt sögur af metnaðarfullum námsmönnum sem sátu við lestur kvölds og morgna þar til að bækurnar gleypu þá. Ungt fólk sem er sagt hafa orðið truflað á geði af of miklu námi. Talað er um að það hafi lært yfir sig eða lesið yfir sig.

Það er að sjálfsögðu engin stoð fyrir þessum sögum. Lærdómur gerir fólk ekki veikt á geði. Aftur á móti er sumt fólk útsett fyrir geðsjúkdómum og algengast að þeir komi í ljós frá tæningsaldri og fram að þritugu, sem er sá tími sem fólk er gjarnan í námi.

Rót vandans

Þegar fólk er útsett fyrir geðsjúkdómi kunna ytri áhrif, á borð við álag og streitu, að koma einkennum af stað. Lestur er ekki sjálfstæður áhættuþáttur. Aftur á móti kann skortur á aðgengilegri þjónustu að seinka greiningum og gera tilvikin fleiri og alvarlegri. Þar komum við að rót vandans, að geðheilbrigðisþjónusta verði að vera tiltæk fyrir fólk sem þarf á henni að halda þegar það þarf á henni að halda.

Ástand biðlista í geðheilbrigðiskerfinu er ólíðandi í dag. Sá vandi var meginstei í erindum á síðasta geðheilbrigðisþingi. Sérfræðingar eru meðvitaðir um vandann en geta ekki leyst hann, geta ekki veitt snemmtæka skilvirka þjónustu, án stuðnings stjórnvalda. Sálfræðiþjónusta er einnig aðgengilegri fólki á vinnumarkaði en í námi. Á námsárum, á áhættu-aldri, er fólk bæði tekjulægra en aðrir hópar og nýtur ekki niðurgreiðslu stéttarféлага. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir þennan hóp að sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd af Sjúkratryggingum, líkt og Viðreisn lagði til og fékk samþykkt, en ríkisstjórnin hefur ekki fylgt eftir.

Undirbyggjandi vandi

Nemandinn las því ekki yfir sig. Hann var með undirbyggjandi geðsjúkdóm og á tímabili í lífinu þar sem þeir koma vanalega fram. Það hefði skipt hann sköpum að hafa greiðan aðgang að geðheilbrigðisþjónustu. ■

Ástand biðlista í geðheilbrigðiskerfinu er ólíðandi í dag.

Sumar hins eilífa frelsis

Í dag

Árni Helgason

Það er skammt stórra högga á milli. Á örfáum dögum höfum við farið úr því að upplifa það sem átti að vera sumar hins eilífa frelsis yfir í að hlusta á vangaveltur Þórólfs um að sennilega verði takmarkanir og hömlur vegna kórónaveirunnar næstu árin. Gengið er meira að segja komið saman aftur. Viðir að segja okkur að hann sé alveg jafnfull og við hin og skilji okkur bara mjög vel, Kári að sjá fyrir sér miklu harðari aðgerðir og svo er „minnisblað í smíðum“ sem við vitum öll að er milda leiðin til að segja okkur að veturinn sé að skella á.

Högg fyrir Janssen

Ég verð að jata að þessi takmarkaða geta bóluefnanna til að verja okkur fyrir smiti er ákveðið högg fyrir mann eins og mig og þá sérfræðipækkingu á bóluefnum sem ég hef aflað mér, byggðað á því að hafa hlustað á tvo hlaðvarpsþætti og lesið talsvert af tvítum.

Við sem höfum hingað til stolt tilheyrt Janssen-fjölskyldunni erum víst í sérstakri hættu. Get ekki sagt að þetta komi manni alveg á óvart, Janssen-bóluefnið var svolítið eins og að vera að ferðast á framandi slóðum, slyast inn á subbulega knæpu og taka staup af einhverjum drykk sem barþjóninn útskýrir fyrir manni með glott á vör að sé mjög hressandi. Eftir á að hyggja var þetta kannski ekkert svo góð hugmynd. Við verðum víst kölluð inn í viðbótarbólusetningu í ágúst. Ég auðvitað bjóst við því á einhverjum tímapunkti í mínu lífi að ég þyrfti á örvunarskammti að halda en þetta er aðeins fyrr á ferðinni en ég reiknaði með.

Gamla lífið

Þetta breytir því ekki að í nokkrar dásamlegar vikur höfum við verið frjáls og fengum gamla lífið okkar aftur. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því en það eru ákveðin menningarverðmæti fölgin í íslenska djamminu, með öllum sínum skrúfusleikjum, slagsmálum og löðrandi, hálfetnum Hlöllum fjúkandi um miðbæinn.

Ferðalög tóku við sér, það hefur verið loftbrú héðan til Tene og Toscana, allt eftir því hversu menningarlegt fólk telur sig vera. Fjölskyldan lét sér hins vegar nægja að elta sólina innanlands. Stemningin á þjóðvegnum er eiginlega alveg eins og síðasta sumar, mikið af Íslendingum á ferli en nú hafa erlendu ferðamennirnir bæst við. Tjaldstæðin eru suðupunktur þessarar mannlífsflóru, þar finnur maður allt frá neysluhetjum úthverfanna yfir í mínímalíska þjóðverja sem margsjóða sömu pakkasúpuna.

Fasteign með rafmagni

Hryggjarstykkið á öllum tjaldstæðum er jeppafólkið. Hópurinn sem fer að nafninu til í útilegu en framkvæmir í raun og veru búslóðarflutninga og setur upp fasteign með rafmagni á tjaldsvæðinu. Umfangið á farangri, búnaði og Costco-græjum á við þriggja herbergja íbúð. Skottið er smekktfullt, það þarf að hoppa ofan á tengdamömmuboxið til að loka því og svo er búið að fylla fellihýsið líka. Mótvægið eru náttúrudýrkendurnir sem lifa á soðnu vatni úr

prímusnum og gista í einmenn-ingstjaldi, sem eru orðin svo lítil að maður fær innilokunarkennd við að sjá fólk troða sér í þetta.

Svo var vinallegt að sjá aftur erlendu ferðamennina. Háværa og óþarflega skrafhreifna Bandaríkjamenn, vel skipulagða þjóðverja og Frakka sem eru svo grannir og nettir að bakpokinn nánast steypir þeim um koll. Ég held sérstaklega upp á þýsku teknóklúbbs-hipsterana sem ég mætti, hann með blátt hár og hún bleikt, svolítið lifuð að

sjá en bæði í rándýrum 66 gráður norður útivistargalla. Falleg blanda af uppreisn og neyslukapitalisma.

Í hitakófi í sumarbústaðnum

Við komum líka við í sumarbústað. Þar glímir fólk við sinn eigin vágast, sem er lúsmýið. Ef Kári Stefánsson vill gulltryggja sér Nóbelsverðlaunin býr hann til séríslenska útgáfu af bóluefni sem virkar bæði gegn kórónaveirunni og lúsmýinu. Gæti kallast MýKóróna, borið fram eins og My Sharona sem yrði svo

auðvitað spilað þegar þetta töfralyf verður kynnt. Kári gæti jafnvel tekið nokkur dansspor eins og Bill Gates og Microsoft-lúðarnir þegar þeir kynntu Windows '95.

Lúsmýið er snjallt. Það eru ekki bara bitin heldur þessi andlega skák sem fylgir, hvernig fórnarlömb þurfa að hirstast inni við þessa örfáu íslensku sólardaga, því það má alls ekki opna dyr eða glugga. Fólk hefur sér svo helst til dundurs að banna hvert öðru að klóra sér í bitin.

Þar sem ég sat á tjaldstæði með lítið batterí og reyndi að pikka þennan pistil á Notes í símanum, fékk konan mín afdrifaríkt símtal. Í síðasta pistli mínum skrifaði ég um yfirvofandi fertugsafmæli mitt og þá andlegu pressu sem því fylgir að eiga stórafmæli á tímum samfélagsmiðla þar sem væntingarnar eru um að maður geri eitthvað stórkostlegt. Nú hefur kosmósinn leyst þetta vandamál fyrir mig því ég og fjölskyldan verðum saman í sóttkvi á afmælisdaginn. ■

„Ég kem með fjölskylduna“

Brandenburg | SIA

Komdu með í ferðalag!

Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND

KOMDU

MEÐ

Bull borgaryfirvalda



Ásta Krístrún Ólafsdóttir foreldri, sálfræðingur og kennari.

Velferðaryfirvöld sendu frá sér yfirlýsingu um daginn þar sem þau full-yrtu að borgin stæði sig óaðfínnan-lega í þjónustu sinni við fatlað fólk á sama tíma og hún tapaði máli í héraðsdómi vegna rolugangs við þjónustu fatlaðra!

Eru borgaryfirvöld vísvitandi að slá ryki í augu okkar eða er sá sem samdi yfirlýsinguna nýbyrjaður í vinnunni og veit ekki betur?

Raunin er sú að yfirvöld standa sig skammarlega í þjónustu við fatlaða og hafa nánast gert upp á bak í búsetumálum þeirra. Þessu til staðfestingar má vísa í úrskurði dómstóla og úrskurðarnefndar vel-ferðarmála auk ótal hryllingsfrá-sagna fatlaðs fólks og aðstandenda þeirra.

Þegar borgin hreykir sér af því að svo og svo margir hafi komist í búsetuúrræði hjá borginni, hljómar það eins og foreldri sem hreykir sér af því að vera gott foreldri af því það vanræki ekki öll börnin sín, bara sum.

Borgarmeirihlutinn svífst einskis í viðleitni sinni til að blekkja okkur. Nýjasta útspilið var að skella skuld-inni á LSH en þar á bæ virðast vera „bófar“ sem benda fólki af lands-byggðinni á að flytja til Reykja-víkur til að fá þjónustu. Það kemur ekki á óvart að borgin skilji ekki gildismat þeirra sem setja velferð fólks ofar öðru og veiti leiðbeining-ar eftir bestu getu. Borgin er nefni-lega ekki örlát á leiðbeiningar fyrir fatlaða og það eru fjölmörg dæmi þess að fólk fær ekki upplýsingar um þá þjónustu sem það á rétt á og þarfnast.

Afsakanir borgarinnar fyrir van-

rækslu sinni eru margar og margvís-legar en eiga það sammerkt að þær halda ekki vatni.

Þegar barn fæðist með líkamleg eða vitsmunaleg frávik eru talsverð-ar líkur á því að það muni þurfa á aðstoð að halda allt sitt líf. Um fimm ára aldur er orðið nokkuð ljóst hver þjónustuþörf barnsins verður og hvort það muni þurfa á búsetuúr-ræði og þjónustu borgarinnar að halda. Borgin hefur því nægan tíma til að undirbúa móttöku þess við 18 ára aldur eins og henni ber.

Borgin er þó algerlega óundirbúin en það er vegna þess, að sögn borg-arinnar, að fjöldi fatlaðra barna sem fæðast á Íslandi er ekki endilega sá sami og áttján árum síðar. Sum þess-ara barna gætu hafa flutt í annað bæjarfélag eða til útlanda eða jafn-vel dáið. Þá stæði borgin uppi með of margar íbúðir fyrir fatlaða! Þessi rök eru varla svaraverð. Guð forði okkur frá offramboði á þjónustu-íbúðum fyrir fatlað fólk!

Aðrar álíka rökleysur og réttlæt-ingar fyrir úrræðaleysi borgarinnar eru skortur á fjármagni og skortur á verktökum til að byggja fyrir fatlað fólk. Það liggur við að ég finni til með fólkinu sem þarf að finna upp á svona vitleysu fyrir hönd borgar-innar. Kannski heldur borgin að við sem berjumst fyrir réttindum fatl-aðs fólks, séum öll greindarskert og þess vegna hægt að bjóða okkur upp á hvað sem er.

Við vitum hvenær verið er að reyna þagga niður í okkur og kúga okkur til undirgefni. Það gerir borgin með því að reyna að fá okkur til að finnast við vera til-ætlunarsöm, frek og ósanngjörn. Til að gera okkur tortryggileg og vanþakklát þegar við kvörtum, bendir borgin á þjónustu eins og liðveislu, stuðningsfjölskyldur og skammtímavistun sem við eigum að vera þakklát fyrir. Eftir 18 ára aldur eiga þessi úrræði að vera tímabundin meðan beðið er eftir húsnæði en geta varað árum saman og það eru ekki boðlegt fyrir full-

Þegar borgin hreykir sér af því að svo og svo margir hafi komist í búsetuúrræði hjá borginni, hljómar það eins og foreldri sem hreykir sér af því að vera gott foreldri af því það vanræki ekki öll börnin sín, bara sum.

orðið fólk. Þetta eru ekkert annað en skítareddingar og ekki til að hreykja sér af.

Við 18 ára aldur ber fólk ábyrgð á sjálfu sér og ábyrgð foreldra eða annarra forráðamanna rennur út. Borgin tekur við ábyrgð á því fólki sem fötlunar sinnar vegna getur ekki séð um sig á sama hátt og ófat-laðir.

Ég vildi óska að borgaryfirvöld-um væri ekki, afsakið orðbragðið, drullusama um fatlað fólk og sæju sóma sinn í að axla ábyrgð sína og veita þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum í stað þess að klóra yfir áhugaleysi sitt og van-rækslu með lygaþvælu og þvæðri.

Ég veit að ég tala fyrir munn margra sem eru langþreyttir á óhóflegri bið eftir þjónustu og hafa fengið sig fullsadda af froðusnakki og innihaldslausum loforðum.

Hugur minn er hjá þeim sem eru að ganga sín fyrstu skref með fötl-uðu barni sínu. Álagið við að eignast og annast fatlað barn er gríðarlegt og ekki á það bætandi. Það er ein-læg von mín að næsta kynslóð muni ekki þurfa að ganga sömu þrauta-göngu og við sem eldri erum. ■

Hugsum stórt Íslendingar



Auður Guðjónsdóttir stjórnarformaður Mænuskaðastofn-unar Íslands.

Nú hefur Ísland mótað sér gervi-greindarstefnu. Hvernig henni skal hrundið í framkvæmd er í vinnslu í forsætisráðuneytinu. Vegna þessa áttu fulltrúar frá Mænuskaða-stofnun Íslands fund með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og óskuðu eftir að hún tilnefndi leit að lækningu á mænuskaða/lömun sem eitt af gervigreindarverk-efnum Íslands. Í því fælist að tölvu-keyra rannsóknargagnabanka um mænuskaða og annað skráð efni um grunnrannsóknir í mænu með hag-nýtingu gervigreindar. Markmiðið væri að finna sameiginleg munstur og annað í rannsóknunum sem hjálpar heiminum nær lækningu. Forsætisráðherra tók vel í þetta og mæltist til þess við nærstadda emb-ættismenn að beiðni Mænuskaða-stofnunar yrði skoðuð í þessu ljósi. Um eða eftir næstu áramót ætti að verða ljóst hvort þetta verður að veruleika.

Undanfarin ár hefur Mænuskaða-stofnun Íslands, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra, Diljá Mist Einarsdóttir aðstoðarmaður hans og Lilja Dögg Alfreðsdóttir vís-indamálaráðherra ásamt embættis-mönnum Mariu Mjöll Jónsdóttur og Önnu Lilju Gunnarsdóttur og sendiráðum Íslands í Genf og New York unnið ótullega að því að vekja athygli háttsettra aðila innan Sam-einuðu þjóðanna og Alþjóðaheil-brigðismálastofnunarinnar WHO á að hrinda þurfi af stokkunum fjölbjóðlegu átaki í þágu lækninga í taugakerfinu. Því hefur ofangreint fólk komið orðunum lækning og möguleg lækning á mænuskaða og í taugakerfinu inn í samþykktir og

stefnuyfirlýsingar beggja stofnan-anna ásamt orðum eins og hag-nýting gervigreindar og fleiru. Nú er svo komið að á næsta ári stendur til að WHO ýti úr vör áratugar átaki í þágu taugakerfisins og er þá allt innifalið, forvarnir, umönnun, með-ferðir og lækning. Er það óþrjótandi vinnu Íslands að þakka að lækning í taugakerfinu er þar með.

Nú er að hugsa stórt, Íslendingar, og ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur. Nú er rétti tíminn til að fylgja því eftir með athöfnum sem við höfum komið á blað hjá WHO. Gerum allt sem í okkar valdi stendur til að loksins verði hægt að lækna lama manninn. Fyrsta skrefið er að samþykkja að leit að lækningu við mænuskaða/lömun verði útnefnd sem eitt af gervigreindar-verkefnum Íslands. Síðan þarf við-eigandi stjórnvald að leita eftir því við stjórn WHO að hún hvetji aðrar þjóðir til að taka aðra sjúkdóms-flokka í taugakerfinu og gera það sama og við. Þannig gæti tekist að ná fram þeirri samstöðu heimsins sem þarf til að finna lækningu við lömun og öðrum meinum í hinu ill-viðráðanlega taugakerfi.

Greinarhöfundur þakkar þeim tugum þúsunda Íslendinga sem veitt hafa mænuskaðaverkefninu lið í gegnum árin og sem er undirstaða þess árangurs sem nú hefur náðst. ■

71% Vinstri grænna styður ekki ríkisstjórn síns eigin formanns



Ole Anton Bieltvedt

alþjóðlegur kaup-sýslumaður og stjórnmálaryfnir.

Margt gerist undarlegt í stjórn-málum. Það verður þó að teljast hátt stig undarlegheitanna, þegar fylgis-menn Vinstri grænna eru nánast upp til hópa, 71% þeirra, óánægðir með og á móti ríkisstjórn, sem þeirra eigin formaður, Katrín Jak-obsdóttir, leiðir.

Á sama hátt er það auðvitað meira en óvenjulegt, að 88% Sjálfstæðis-manna og 82% Framsóknarmanna, en þetta fólk, ásamt með Miðflokks-mönnum, verður að teljast langt til hægri, úti á íhaldsjaðrinum, skuli vera ánægt með og styðja ríkisstjórn, sem formaður Vinstri grænna, sem á að vera einna lengst úti á vinstri vængnum, leiðir.

Ofangreindar staðreyndir um óvinsældir og vinsældir ríkisstjórn-ar Katrínar Jakobsdóttur byggjast á skoðanakönnun Maskínu, fyrir fréttastofu Sýnar frá 6. júlí sl.

Hvað skýrir þessa bráðundarlegu og óvenjulegu stöðu?

Menn þurfa ekki að kafa djúpt í skilningarvitin til að átta sig á, að til að Sjálfstæðismenn og Fram-sóknarmenn, nánast upp til hópa, séu ánægðir með tiltekna ríkis-stjórn, hljóti hún að uppfylla þeirra hugmyndir og óskir um stefnumál og pólitík. Hafa stefnumál þessara manna í háum heiðri.

Á sama hátt er það sjálfgefið, að óánægja fylgismanna Vinstri grænna með sömu ríkisstjórn, líka í yfirgnæfandi mæli, hljóti að stafa af því, að þessi ríkisstjórn hafi virt að vettugi, eða skort vilja og getu, til að koma þeirra stefnumálum á dagskrá,

og, það sem meira er, í framkvæmd.

Ég taldi upp í grein hér í blaðinu 24. júní sl. fimm megin stefnumál Vinstri grænna, sem áttu að komast í framkvæmd í þessari ríkisstjórn, en fóru öll í vaskinn:

Friðun hvala, þjóðgarður á mið-hálendinu, friðun villtra spendýra og fugla, stórt skref í loftslagsvernd og endurskoðun stjórnarskrár. Allt í lok dags bara sáþukúlur, sem svifu upp í haloftin.

Fylgismenn Vinstri grænna hafa með afstöðu sinni tjáð sig með skýrum hætti um það, að svona ríkisstjórn vilji þeir – sennilega aldrei – aftur sjá.

En hver er afstaða prímadonn-unnar sjálfrar, Katrínar? Lengst af og, þegar ég heyrði síðast til hennar með þetta, virtist hún vera hin hressasta og ánægðasta með þessa ríkisstjórn og alveg til í annan svona ríkisstjórnardans.

Já, það er margt skrítið í kýr-hausnum.

Ofangreint er auðvitað meira innlegg í hugleiðinguna um stöðu formanns Vinstri grænna gagnvart sínum flokks- og fylgismönnum, og, þá um leið, stöðu þeirra gagnvart formanni. Getur hér verið mikið eða nokkuð eftir af gagnkvæmum skiln-ingi, harmóníu og trausti, má spyrja.

Nú kunna ýmsir að hugleiða og vilja velta upp, af hverju nefnir maðurinn ekki „góðu mál“ for-sætisráðherra, Vinstri grænna og ríkisstjórnarinnar, í stað þess að tónglast bara á vanhöldum, stuðn-ingssveiflum og sundurþykktju.

Í huga undirritaðs eru tvö stór-mál, sem flokka má sem „góðu málin“: Stjórn efnahagsmála og bólusetningaráttak og -árangur. Það er þá sjálfsagt, að líta yfir þau líka.

Hvoru tveggja eru þetta stór mál og góð, en spurningin verður: Voru hér einhver sérstök afrek unnin, sem tilefni gæfu til sérstaks hróss eða vinsælda?

Ríkisstjórnin tók umfangsmikil lán, innanlands og erlendis – þau erlendu með gengisáhættu – fyrir samtals um 500 milljarða. Þessu fé var svo miðlað til fyrirtækja og almennings, líka til sveitarfélaga og annarra aðila í þjóðfélaginu til að gera þeim kleift að komast í gegnum og lifa af þau vandræði, sem Covid olli.

Þetta var gert með nokkuð skyn-samlegum og skipulegum hætti, þannig, að aðgerðir tókust vel. Þetta er þó ekkert meira eða merkilegra heldur en það, sem nánast allar aðrar ríkisstjórnir hins vestræna heims gerðu; lán voru tekin til að halda mönnum og málefnum gang-andi meðan pestin varði.

Lausnin var lántaka, sem við og komandi kynslóðir þurfum svo að standa skil á. Að mestu tilfærsla vandans.

Reyndar gerði ríkisstjórn Íslands það, sem engin önnur ríkisstjórn lét sér einu sinni detta í hug: Hún verð-launaði fyrirtæki í stórum stíl, ekki fyrir að ráða menn í vinnu, heldur fyrir að segja þeim upp. Undirrit-aður kann að vera tregur, en þessa aðferð skildi hann aldrei vel.

Varðandi bólusetningar og góðan árangur í þeim, þarf tvennt til: Bólu-efnið og heilbrigðiskerfi og starfs-menn þar, sem geta bólusett hratt, skipulega og vel.

Þökk sé því, að ESB gekk strax í það að fjármagna þróun og fram-leiðslu bóluefnis, vorið 2020, um leið og sambandið tryggði sér fyrsta aðgang að bóluefni fyrir ESB-rikin 27, svo og Ísland og Noreg, hjá sex leiðandi lyfjafyrirtækjum, með milljarða fjárframlagi í evrum, og þökk sé vinarhug Ursulu von der Leyen, forseta ráðherraráðs ESB, gagnvart Íslandi og Íslendingum, tókst að útvega bóluefni fyrir meg-inþorra þeirra, sem bólusettja átti, fljótt og vel.

Hér valdi ríkisstjórnin leiðina, þá einu réttu, með ESB, og hafði milli-göngu um samskiptin og viðskiptin, sem var allt gott og þakka má fyrir, en hér voru heldur engin afrek unnin af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Stýring og aðgerðir í faraldrinum voru í höndum sóttvarnalæknis og heilbrigðisyfirvalda, embættis-manna og starfslíðs, og komu til-lögur um framgang og aðgerðir á hverjum tíma frá þeim, sem ríkis-stjórn lagði svo blessun sína mest yfir.

Þetta tókst allt vel, en megin þakklætinu fyrir árangurinn verður þó að beina að stjórnendum og starfsmönnum heilbrigðiskerfisins; hlutur forsætisráðherra og ríkis-stjórnar er hér nokkur, en ekki í þeim mæli, að hann verðskuldi þreföld húrrahrop. ■

Fylgis-menn Vinstri grænna hafa með afstöðu sinni tjáð sig með skýrum hætti um það að svona ríkisstjórn vilji þeir – sennilega aldrei – aftur sjá.

ÚTSALA

FRÍ HEIMSENDING

á vörum keyptum í
vefverslun okkar
www.grillbudin.is*

*Sjá nánar - Um grillbúðina/skilmaður

Sumarútsalan er byrjuð

Grillbúðin Smiðjuvegi 2 - grillbudin.is

Enders* Ferðagasgrill og gashella Frá Þýskalandi

Afl 4,4 KW

- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Hægt að nota sem gashelluborð
- Stærð grillflatar: 48 x 32 cm
- Stærð með fótum:
B 59 x D 47 x H 76
- Stærð án fóta:
B 48 x D 42 x H 22
- Langir og stuttir fætur fylgja



Einnig fyrir potta

FULLT VERÐ 39.900

SUMARÚTSALA
32.900

Enders* Ferðagasgrill og gashella Frá Þýskalandi

Afl 4,4 KW

- 2 brennarar úr ryðfríu stáli
- Grillgrindur úr emaleraðu pottjárnri
- Grillgrindur úr pottjárnri
- Losanleg hliðarborð
- Grillflötur 48 x 32 cm
- Heimilisborð fánlegt



FULLT VERÐ 54.900

SUMARÚTSALA
44.900

LANDMANN* kolagrill Kepler 400 Your World of BBQ



- Mjög vandað kolagrill með öskuskúffu
Grillflötur Ø 54,5cm
Auðvelt að stilla hita
4 fætur sem gera grillið stöðugra
Öskuskúffa – Auðvelt að þrifa
Sterk postulínsemalering
10 ára ábyrgð á emaleringu
Hitamælir í loki

FULLT VERÐ 39.900

SUMARÚTSALA
32.900

LANDMANN* gasgrill Raxon 4+1 brennara Your World of BBQ



Afl 15 KW

- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Postulínsemaleraðar grillgrindur
- Kveikja í öllum tökkum
- Tvöfalt einangrað lok
- Gashella í hliðarborði
- Stór Postulínsemalerað efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grillflötur 69 x 40 cm

FULLT VERÐ 79.900

SUMARÚTSALA
69.900

Enders* Frá Þýskalandi Rafmagnshitari



- 2.000 Wött með innrauðri stuttbylgjutækni
- Hitinn kemur strax og kveikt er
- Fjarstyring - 3 stillingar
750, 1.500 og 2.000 wött

FULLT VERÐ 39.900

SUMARÚTSALA
34.900

Enders* Frá Þýskalandi Rafmagnshitari Barcelona

Afl 2.100 wött

- 2.000 Wött með innrauðri stuttbylgjutækni
- Hitinn kemur strax og kveikt er
- 3 stillingar á hita
- Hitunarsvæði ca. 12 fermetrar
- IP 44 þéttleiki
- Hæð 210 cm
- Ummál Ø 60 cm

FULLT VERÐ 44.900

SUMARÚTSALA
34.900

SUMAR
ÚTSALA
www.grillbudin.is



Enders* gasgrill Boston Turbo 3+1 brennara Frá Þýskalandi



Afl 14,4 KW

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Ofurbrennari 4 KW
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárnri
- Kveikja í öllum tökkum
- Gashella í hliðarborði
- Hitamælir
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór efri grind
- Grillflötur 62 x 43 cm
- Annað hliðarborð er niðurfellanlegt
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

FULLT VERÐ 109.900

SUMARÚTSALA
89.900



TURBO
ZONE

Enders* Gasgrill Chicago Turbo 3ja brennara Frá Þýskalandi



Afl 10,4 KW

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Par af ofurbrennari 4 KW
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárnri
- Kveikja í öllum tökkum
- Hitamælir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór efri grind
- Grillflötur 60 x 42 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

FULLT VERÐ 89.900

SUMARÚTSALA
69.900



TURBO
ZONE

Enders* Gasgrill Monroe Pro Turbo 3+2 brennara Frá Þýskalandi



Afl 18,35 KW

- Ryðfritt stál
- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Par af ofurbrennari 4,2 KW
- Simple Clean hreinsikerfi
- Tvöfalt einangrað lok
- Grillgrindur úr pottjárnri
- Gashella í hliðarborði
- Bakbrennari fyrir grilltein
- Kveikja í öllum tökkum
- Stór efri grind - Hitamælir
- Grillflötur 62 x 43 cm

FULLT VERÐ 159.900

SUMARÚTSALA
134.900



TURBO
ZONE

LANDMANN* þráðlaus kjöthitamælir Your World of BBQ fyrir grill og ofna

- Fyrir grill og ofna
- Einn hitanemi
- Forstilltur fyrir kjótttegund og hitastig
- Mjög auðveldur í notkun



FULLT VERÐ 7.990

SUMARÚTSALA
6.990

Pizzasteinn 14"

Efnismikill Pizzasteinn
Stærð 35,5 cm = 14"
Þykkt: 1,5 cm



FULLT VERÐ 5.990

SUMARÚTSALA
4.990

Verslaðu í þægindum heima
í okkar glæsilegu vefverslun
www.grillbudin.is

Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2 Kópavogi - Sími 554 0400



Guðrún í leik með Djurgårdens.

Guðrún færir sig til toppliðsins

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Guðrún Arnardóttir, landsliðskona í fótbolta, hefur samið við Rosengård. Guðrún kemur til félagsins frá Djurgårdens. Þessi 26 ára gamli varnarmaður lék með Selfossi og Breiðabliki áður en hún fór til Bandaríkjanna og lék með Santa Clara-háskólanum.

”

Ég er mjög spennt fyrir þessu og ég tel þetta vera stórt tækifæri fyrir mig til þess að vaxa sem leikmaður.

Þá hefur hún leikið 11 landsleiki. Guðrún er að fylla skarðið eftir liðs-félaga sinn hjá landsliðinu, Glódisi Perlu Viggósdóttur, sem samdi við Bayern München á dögnum. „Ég er mjög spennt fyrir þessu og ég tel þetta vera stórt tækifæri fyrir mig til þess að vaxa sem leikmaður. Þetta er réttur tímamunktur til þess að taka næsta skref á ferlinum. Ég hlakka mikið til þess að sanna mig hjá Rosengård,“ segir Guðrún. Rosengård trónir á toppi sænsku úrvalsdeildarinnar en liðið er með 32 stig eftir 12 umferðir. ■



Lovisa Björt og Helena munnú spila í EuroCup í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Haukar taka slaginn í Evrópu

hjorvaro@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Kvinnalið Hauka í körfubolta hefur ákveðið að taka þátt í Evrópubikar félagsliða, FIBA EuroCup, á komandi tímabili. Haukar verða fyrsta íslenska kvinnaliðið í körfubolta til þess að taka þátt í Evrópukeppni í 15 ár en Haukar eru eina íslenska liðið sem hefur spilað á þeim vettvangi. Forkeppni Evrópubikarsins fer fram í lok september en þar er keppt um þátttökurétt í riðlakeppni. Vinna þarfeina viðureign til þess að komast í riðlakeppnina en spilað er heima og að heiman. Fyrr í sumar endurheimtu Haukar Helenu Sverrisdóttur sem var í liði Hafnarfjarðarliðsins síðast þegar það spilaði í Evrópukeppni. ■



Silvía Rán Björgvinsdóttir sem verið hefur burðarás íslenska kvennalandsliðsins í ishokki undanfarin ár er að taka stórt skref á ferlinum með því að semja við lið í sænsku úrvalsdeildinni. MYND/ELVAR FREYR PÁLSSON

Fyrst til þess að spila í þessari deild

Silvía Rán Björgvinsdóttir setti sér háleit markmið þegar hún kláraði grunnskólann. Nú hefur henni tekist ætlunarverk sitt sem var að semja við félag í sænsku úrvalsdeildinni, einni af sterkustu ishokkideildum heims.

hjorvaro@frettabladid.is

ISHOKKI Akureyringurinn Silvía Rán Björgvinsdóttir, landsliðskona í ishokki, varð á dögnum fyrsti Íslendingurinn til þess að skrifa undir samning við félag í sænsku úrvalsdeildinni þegar hún samdi við Göteborg HC. Þessi 22 ára leikmaður er margfaldur Íslandsmeistari með Skautafélagi Akureyrar en Silvía Rán hefur einnig verið í burðarhlutverki með íslenska landsliðinu undanfarin ár. „Ég er mjög spennt fyrir þessu en þetta er eitthvað sem ég hef stefnt að frá því að ég var unglingur. Ég skrifaði í árbókina þegar ég kláraði grunnskólann árið 2015 að ég væri með það markmið að spila í sænsku úrvalsdeildinni einhvern tímann á ferlinum. Það er frábær tilfinning að hafa

náð að tikka í það box. Þetta er ein sterkasta deild heims en þarna spila leikmenn frá Bandaríkjunum, Finnlandi, Tékklandi og fleiri af sterkum ishokkíþjóðum heims. Það er líka spennandi að mæta leikmönnum hédan og þaðan úr heiminum og spila við fjölbreyttan hóp af ishokkíspilurum.

Hlakkar til að fá meiri áskorun Eftir að hafa spilað með Skautafélagi Akureyrar allan minn feril þar sem sumir leikir eru þannig að við vinnum stórt verður gaman að spreyta sig á móti sterkari leikmönnum og spila alla jafna í jöfnum leikjum. Ég mun klárlega bæta mig mikið þarna en Göteborg HC komst nýverið upp í úrvalsdeildina. Liðið hefur verið í neðri hluta deildarinnar undanfarin ár og það er ekki mikil pressa á því að vinna í þeim leikjum sem við spilum þó að það sé auðvitað það sem stefnt er að. Þetta er stór gluggi og mig langar að spila í fleiri deildum seinna á ferlinum og nú er einbeiting hjá mér bara á því að standa mig vel hjá Göteborg HC. Ég flyt út um miðjan ágústmán-

”

Ég skrifaði í árbókina mína þegar ég kláraði grunnskólann árið 2015 að ég væri með það markmið að spila í sænsku úrvalsdeildinni einhvern tímann á ferlinum.

uð en ég mun búa í miðborginni í huggulegri íbúð,“ segir hún. Fram kom í umfjöllun um félagaskipti Silvíu Ránar til Göteborgar HC að þess væri vænst að hún myndi hrella markverði andstæðinga liðsins með markaskorun sinni.

Fetar í fótspor systur sinnar Sænska kvennalandsliðið er í níunda sæti á heimslista alþjóða

ishokkisambandsins og sænska úrvalsdeildin er ein sú sterkasta í heiminum. Silvía Rán er hins vegar ekki fyrsti íslenski ishokkileikmaðurinn sem leikur með liðinu en systir hennar, Diljá Sif Björgvinsdóttir, lék með Göteborg HC. Þá lék liðið aftur á móti í næstefstu deild. „Það er svo einnig á markmiðalistanum hjá mér að komast upp um deild með landsliðinu. Það hefur verið unnið gott starf í unglíngastarfinu á Íslandi og ekki síst hjá Skautafélagi Akureyrar þar sem Sarah Smiley hefur gert stórkostlega hluti. Smiley hefur verið fyrirmynd innan vallar hjá mér en hún hefur þjálfað mig frá því að ég byrjaði að æfa ishokki. Sú sem hefur stutt mig mest á ishokkiferlinum er hins vegar mamma sem hefur hefur reynst mér einkar vel þegar ég hef verið í æfingabúðum erlendis og búið í Bandaríkjunum og Stokkhólmi,“ segir landsliðskonan. Næsta verkefni hjá íslenska kvennalandsliðinu er þátttaka liðsins í undankeppni Ólympíuleikanna en riðill íslenska liðsins verður spilaður í Egilshöll í ágúst. ■

Ásgeir mun ríða á vaðið í Japan á morgun

hjorvaro@frettabladid.is

ÓLYMPIULEIKAR Setningarhátíð Ólympíuleikanna, sem fram fara í Japan þessa dagana, verður haldin í Tókýó í dag. Hátíðin hefst klukkan 11.00 að íslenskum tíma. Keppni hófst á leikunum á miðvikudaginn síðastliðinn en þeir verða hins vegar settir formlega í dag. Sundfólkið Snæfríður Sól Jórunnardóttir og Anton Sveinn McKee verða fánaberar Íslands á setningarhátíðinni. Auk þeirra munu skotfimmaðurinn Ásgeir Sigurgeirsson og kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason keppa fyrir Íslands hönd á leikunum að þessu sinni. Þetta verður í fyrsta skipti sem fánaberar þáttökulandanna eru tveir, ein kona og einn karl. Á leik-



Snæfríður Sól og Anton Sveinn verða fánaberar íslenska hópsins. MYND/ÍSI

»

Fjórir íslenskir keppendur taka þátt í Ólympíuleikunum að þessu sinni.

unum í Tókýó er nánast jafn fjöldi kvenkyns og karlkyns keppenda og hafa hlutföllin aldrei verið jafnari á nokkrum Ólympíuleikum. Íslenski hópurinn, með Anton Svein og Snæfríði Sól í fararbroddi, mun verða fyrstur inn á leikvanginn á eftir gríska hópunum sem gengur ávallt fyrstur inn á leikvanginn á Ólympíuleikum og

flóttamannaliði Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC Refugee Olympic Team). Ásgeir, sem mun keppa í loftskammbýssu, verður fyrstur íslensku keppendanna til þess að hefja keppni á leikunum. Hann tekur þátt í skotfimkeppni leikanna á morgun, laugardag. Snæfríður Sól, sem keppir í 100 og 200 metra skriðsundi á sínum fyrstu leikum, mun stinga sér til sunds í undanrásum í 200 metra skriðsundi á mánudaginn og svo 100 metra skriðsundi á miðvikudaginn. Anton Sveinn mun síðan synda í undanrásum 200 metra bringusunds á þriðjudaginn kemur. Guðni Valur tekur svo þátt í kringlukastkeppni leikanna á föstudaginn eftir slétta viku. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 23. júlí 2021

KYNNINGARBLAÐ



Mark er í lyfjameðferð vegna krabbameins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lyfjameðferðin virðist virka vel

sis@frettabladid.is

Íslandsvinurinn Mark Hoppus, bassaleikari hljómsveitarinnar Blink-182, fékk góðar fréttir í vikunni þegar í ljós kom að lyfjameðferð sem hann gengst undir vegna eítílfrumukrabbameins virðist virka vel á sjúkdóminn. Í síðasta mánuði greindi Mark opinberlega frá því að hann hefði greinst með krabbamein á fjórða stigi, sem merkir að meinið hefur dreift sér í nokkur líffæri og er því orðið ólæknandi. Þar sagðist hann vera heldur svartsýnn á að lyfjameðferð myndi virka en þá þegar hafði hann verið í slíkri meðferð í þrjá mánuði.

Þakklátur og jákvæður

Mark er nú nýbúinn í rannsóknnum til að kanna hvort lyfin geri sitt gagn og komið er í ljós að sú er raunin. „Skannar sýna að lyfin virka! Ég á eftir nokkra mánuði af lyfjameðferðinni, en þetta eru bestu fréttir sem hægt er að fá. Ég er svo þakklátur og ringlaður og líka slappur eftir síðustu lyfjagjöf,“ er á meðal þess sem hann segir í færslu á Twitter og áréttar að hann ætli að halda áfram að berjast og vera bjartsýnn. Hann segist jafnvel eiga von á að geta sigrast á krabbameininu en það sé líka möguleiki á að hann fari í mergskipti. Á næsta ári verður Mark fimmtugur.

Þótt ótrúlegt sé fékk móðir hans, Kerry Wernz, sömu tegund af krabbameini en náði að komast yfir það. ■



Eva María stingur upp á girnilegu nesti þegar haldið er í ferðalagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Steikarsamlökur besta nestið

Eva María Hallgrímsdóttir er þekktust fyrir baksturs- og kökuskreytingahæfileika og sem eigandi að kökukræsingabúðinni Sætum syndum sem er til húsa í Hlíðasmára og í Smáralindinni í Kópavogi. Evu er margt til lista lagt og hún er mikil fjölskyldumanneskja. **2**



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
HREINN SAFI



30
DAGA
SKAMMTUR

BIOTENIC[®]
ALOE VERA
Soothing Digestive Tonic

100%
PURE ALOE

www.celastis.is



Sjöfn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Eva María er viðskiptafræðingur, hún útskrifaðist frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005. Hún býr í Kópavogi ásamt eiginmanni sínum og syni. Maður hennar, Halldór Ólafsson, starfar sem sölustjóri hjá Kraftvélum. Sonurinn, Hilmir Freyr, er 12 ára en hann stundar nám í Smáraskóla og æfir fótbolta með Breiðabliki en fjölskyldan hefur búið í Kópavogi síðan 1999. „Það er gaman að segja frá því að Hilmir byrjaði mjög ungur hjá Breiðabliki og gaman að sjá hann vaxa og dafna með félaginu. Ég hef gríðarlegan áhuga á matargerð, finnst fátt skemmtilegra en að elda og borða góðan mat ásamt öðrum kræsingum. Ekki má gleyma bakstrinum. Þótt það sé mikið að gera og vinnudagarnir oft langir finnst mér ákveðin hugleiðsla og hugarró að bardúsa í eldhúsinu. Þar nýt ég mín best,“ segir hún.

Hóteltypa sem elskar að ferðast innanlands og sofa í góðu rúmi
Við fengum Evu Mariu til að lýsa sér í sumarfilingnum og ljóstra upp sínu upphalds ferðanesti. *Ein setning sem lýsir þér best á sumrin?*

„Sætur léttur sumarkjöll, hvítir strigaskór og að sitja á útiveitingastað í sól með kampavinsglas, góðan mat og félagsskap.“
Ertu dugleg að ferðast um landið og skreppa í stuttar ferðir út á land á sumrin?

„Við fjölskyldan höfum verið miklu duglegri síðustu tvö árin að ferðast um landið að sumri til og má rekja það til þess að við höfum ekkert verið að ferðast erlendis eins og flest öll heimsbyggðin. Það er dásamlegt að ferðast um landið og sjá allt sem það hefur upp á bjóða. Fórum Vestfirðina og svo hringinn í kringum landið í fyrria og það var alveg yndislegt. Þess á milli erum við líka mjög heimakær en skreppum oft inn á milli í bústað í afslöppun. Ég vinn oft mikið um helgar þannig að það er ekki alltaf möguleiki á að ferðast en þegar tækifærið gefst gripum við það oft í ferðalög og afslöppun.“

Hvað heillar þig mest að gera þegar þú ert að ferðast innanlands, að vera á hóteli, í sumarbústað, hjólhýsi eða þess háttar gistingu?
„Ég er hóteltypan en við hjónin eru mjög dugleg að bóka okkur gistingu á hótelum landsins og finnst bara mjög gott að sofa í góðu rúmi, komast í sturtu þegar maður vill og svo auðvitað að „væna og dæna“ á nýjum veitingastöðum.“

Á hvorki pikknikk-körfu né teppi en það kemur ekki að sök þegar kemur að því ferðast innanlands og stoppa á áhugaverðum



„Þó svo að það sé mikið að gera og vinnudagarnir oft langir finnst mér ákveðin hugleiðsla og hugarró að bardúsa í eldhúsinu. Þar nýt ég mín best,“ segir Eva María.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Ég er hóteltypan en við hjónin erum mjög dugleg að bóka okkur gistingu á hótelum landsins og finnst bara mjög gott að sofa í góðu rúmi og komast í sturtu.

stöðum er oft gaman að vera með nesti.
Hvernig er staðan hjá þér, áttu pikknikk-körfu fyrir kræsingarnar?
„Ég á ekki pikknikk-körfu en ég er ávallt búin að græja smá nesti fyrir fjölskylduna þegar við förum í lengri ferðlög.“
En pikknikk-teppi?
„Nei, því miður.“

Majónes og heimagerð bernaيسة-sósa er algjört lykilatriði
Ertu til í að ljóstra upp þínu upphaldsnesti í dagsferðina?
„Okkur fjölskyldunni finnst mjög gott að hafa góðar samlokur með okkur ásamt einhverjum svalandi drykkjum. Ég nýti alltaf afganga af góðum kjúklingi og/ eða nautasteik daginn eftir í góðar klúbb- og steikarsamlukur. Lykilatriðið er majónes og heimagerð bernaيسة-sósa.“
Ef þú værir að setja saman pikknikk í körfu, hvað væri á óskalistanum?

- Moet-kampavín
- Makkarónur
- Samlokur
- Fersk jarðarber
Áttu þín upphalds ferðaföt?
„Finnst best að vera í þægilegum fötum þegar ég ferðast, hvort sem það er mjúkur bolur/peysa og svo léttar buxur og strigaskór.“
Hvað er ómissandi að taka með í pikknikk?
„Góður matur, góður drykkur og auðvitað skemmtilegur félagskapur.“
Eva María deilir hér með lesendum uppskriftinni að sinni upphaldsklúbbsamloku sem er hennar ferðanesti og caprese-spjót sem gleðja bæði augu og munn. ■



Eva María segir að majónes og heimagerð bernaيسة-sósa sé lykilatriðið.



Tómatar og mozzarella geta ekki klikkað.

Heimagerð klúbbsamloka

- Afgangur af kjúklingi
- Ristað brauð
- Majónes
- Stökkt beikon
- Góð skinka og feitur ostur (til dæmis Havarti eða Búri)
- Kál
- Tómatar
- Linsoðin egg

Byrjið á að hita ofninn og setja beikonsneiðar inn í heitan ofn þar til það er orðið stökkt. (Ofnbakað beikon er einfaldlega best). Sjóðið egg þar til þau eru orðin linsoðin (6-7 mínútur). Ristið gott brauð og smyrjið það með majónesi, setjið því næst skinku, slatta af osti og svo gott að setja beikonið um leið

og það kemur út úr ofninum ofan á ostinn svo það bræði ostinn örlítið. Síðan kál og ferska tómata. Toppið þetta kombó með egginu, því næst kemur önnur ristuð brauðsneið sem þið smyrjið með majónesi og snúið því niður og lokið þar með dásamlegri klúbbsamloku.

Caprese-spjót

- Fallegir kirsuberjatómatar eða aðrir fallegir litlir tómatar
- Mozzarellaostur í kúlum
- Basilíka
- Grillspjót

Raðið fallega upp á spjót og toppið með góðri ólífuolíu og sjávarsalti. Einfalt og ljúffengt.

Náttúruleg slökun & góður nætursvefn



Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?


Slakandi blanda sem inniheldur **Magnoliu börk** og **íslensk fjallagrös**

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS
sofðu rótt
Hrein Magnolia með fjallagrös
60 HYLKI|FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvöruverslun og flestum stórvörumörkuðum.



BÓKMENNTALEG HRINGFERÐ UM ÍSLAND



„Það er tiltölulega auðvelt að skrifa um bók eftir Halldór Guðmundsson. Maður þarf ekki mörg orð, heldur tiltekur bara höfundar-nafnið og skrifar: Eins og alltaf má mæla með henni. Þar með er allt sagt.“

BUCHKULTUR
UM ÞÝSKA ÚTGÁFU ÞESSARAR BÓKAR



Halldór Guðmundsson segir hér frá 30 stöðum á landinu sem tengjast með einhverjum hætti bókmenntum eða sögu Íslendinga

Ljósmyndir eftir **Dag Gunnarsson**

Fyrir áhugafólk um staði og bókmenntir hvort sem er í raunheimum eða huganum

 **LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA**

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opíð alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu



Til sölu Landcruiser 150 Gullfallegur og vel útbúinn Landcruiser 150 árgerð 2013 til sölu. Nýleg sumardekk og nýleg negld snjódekk á felgum. Upplýsingar í síma 897 0600

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is | www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

PROSTONE

» Jarðvinna
» Drenlagir
» Hellulagir
» Þökulagir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsaviðhald

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Atvinna

Atvinna í boði

HELLULAGNINGAR-FYRIRTÆKI
þarf mann til starfa sem fyrst. Meirapróf skilyrði. 100% starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsóknir sendist í baldur@btverk.is

LIND FASTEIGNASALA

LEITAR AÐ STARFSMANNI

Starfslýsing
Almenn skrifstofustörf og skjalavinnsla

Góð þekking á fasteignaviðskiptum er kostur. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.


Umsóknarfrestur er til 2. ágúst

Áhugasamir senda tölvupóst með ferilskrá á hannes@fastlind.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —





LYFSALINN
APÓTEK

BÍLAAPÓTEK LYFSALANS
á Vesturlandsveginum
er **1 árs** í dag

20%
afsláttur af öllu*
í apótekum
LYFSALANS
í tilefni dagsins

Vesturlandsvegi, Glæsibæ og Urðarhvarfi

*Gildir ekki af lyfseðilsskyldum lyfjum

Þökkum frábærar viðtökur
Renndu við

Merkisatburðir

- 1183** Sturla Þórðarson, ættfaðir Sturlunga, andast 58 ára gamall.
- 1985** Commodore kynnir borðtölvuna Amiga fyrst til leiks.
- 1986** Konunglegt brúðkaup í Westminster í Bretlandi þar sem Andrés prins gengur að eiga Söruh Ferguson.
- 2011** Amy Winehouse finnst látin í íbúð sinni af völdum áfengiseitrunar.
- 2011** Fyrsta Druslugangan er haldin í Reykjavík.



Ástkær eigenmaður minn,
Eyþór Björgvinsson
læknir,
Kópavogstúni 9, Kópavogi,
lést á blóðlækningadeild Landspítala,
fimmtudaginn 22. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.
Ágústa Benný Herbertsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Hulda Elvía Helgadóttir
lést 8. júlí sl.
Útför hennar fer fram frá Fossvogs-
kirkju miðvikudaginn 28. júlí kl. 13.00.
Ásta Björk Ragnarsdóttir Guðmundur Guðnason
Helgi Ragnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær systir okkar,
mágkona og frænka,
Elín Hjalmsdóttir
lést á Droplaugarstöðum
þriðjudaginn 20. júlí.
Guðbjörg Hjalmsdóttir
Guðrún María Hjalmsdóttir
Ólafína Hjalmsdóttir
Guðmundur H. Sigmundsson
systkinabörn og fjölskyldur.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vináttu við andlát og útför föður
okkar, tengdafaður, afa og langafa,
Geirs Ólafssonar
húsasmiðameistara,
áður til heimilis að Nýhöfn 3, Garðabæ.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og alúð.
Sigurður Ingi Geirsson
Kristjana Geirsdóttir
Gunnar Þór Geirsson
Arna Guðrún Geirsdóttir
Katrín Davíðsdóttir
Tómas Freyr Marteinsson
Elisabet Pálmadóttir
Ævar Björn Þorsteinsson
afa- og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Hafdis Steingrimsdóttir
Fossvogi 6, Selfossi,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
mánudaginn 19. júlí. Útförin fer fram í
Selfosskirkju mánudaginn 26. júlí
klukkan 13 og verður einnig streymt af vef kirkjunnar.
Helga Guðlaugsdóttir
Steingrímur K. Reynisson
Kristbjörn Hafliðason
Guðmundur Hafliðason
Valgerður Hafliðadóttir
Ólafur Hafliðason
Steinn Hafliðason
Finnur Hafliðason
Friðjón Elli Hafliðason
Svava Óla Stefánsdóttir
Elisabeth Pontoppidan
Jóna Þórunn Ragnarsdóttir
Tinna Ósk Björnsdóttir
Jónheiður Ísleifsdóttir
og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .



Momo segir að origami vekir mikla lukku hjá börnunum á leikskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjör í origami og japönsku

Listakonan Momom Hayashi mun sameina japönsku og origami á barnaviðburði um helgina.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég ætla að kynna aðeins japönsku fyrir börnunum með alls kyns leikjum og kenni þeim kannski að skrifa nafnið sitt með japanska stafrófinu,“ segir listakonan og kennarinn Momo Hayashi sem stýrir viðburðinum Stafróf heimsins og origami í Borgarbókasafninu í Kringlunni á laugardag. „Það fer aðeins eftir því hversu gamall hópurinn verður, en við förum allavega í einhverja skemmtilega leiki.

Viðburðurinn er hluti af röðinni Kakó Lingua þar sem börn á öllum aldri geta kynnst nýjum tungumálum í gegnum verkefni og leiki. Momo, sem er upprunalega frá Kobe í Japan, talar sjálf íslensku, ensku og japönsku. Hún segir kunnáttu í ólíkum tungumálum geta hjálpað börnum að sjá hlutina frá ólíkum sjónarhornum.

„Ég vinn líka á leikskóla þar sem maður getur séð að íslenskan er ekki nóg,“ segir Momo. „Á Íslandi læra allir að tala ensku, og svo eru margir sem eru hálf-íslenskir og læra ungir annað tungumál. Það er mikilvægt að sýna virðingu fyrir öðrum tungumálum og bakgrunnum.“

Auk þess að kafa í tungumálið ætlar Momo líka að kenna börnunum einfaldar aðferðir í origami.

„Í Japan læra allir hvernig eigi að gera origami í leik- og grunnskóla,“ segir Momo. „Það er stór hluti af menningunni okkar og líka mjög skemmtilegt. Ég kenni stundum börnunum í leikskólanum herna heima origami og það er mjög vinsælt.“

Ef leitað er að origami á vefnum má sjá ótrúlegustu skúlptúra sem fólki hefur tekist að búa til með pappír broti, en Momo stefnir þó á að hafa hlutina einfalda á laugardaginn. „Við byrjum kannski á einni eða tveimur útgáfum af einhverju einföldu, eins og kanínu og hundi, en kannski gerum við flóknari

”

Ég kenni stundum börnunum í leikskólanum herna heima origami og það er mjög vinsælt.

hluti ef það gengur vel,“ segir hún. „Svo er hægt að teikna á origami-figúrurnar sem getur líka verið gaman.“

Utan vinnu sinnar sem kennari er Momo annar eigandi hönnunarverslunarinnar Svartbysvart við Týsgötu, þar sem einmitt má finna eyrnalokka í origami-stíl. „Það gengur bara mjög vel, eða allavega ágætlega,“ segir Momo. „Það var aðeins erfitt hjá okkur vegna Covid og byggingarframkvæmda, en í dag eru hlutirnir að ganga miklu betur.“

Viðburðurinn hefst klukkan 13.30 og aðgangur er gjaldfrjálss. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Þórey Skagfjörð Ólafsdóttir
lést á dvalarheimilinu Hlíð 15. júlí.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 26. júlí kl. 13.00.
Streymt verður frá athöfninni á
Facebooksíðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju - beinar
útsendingar. Hjartans þakkir til starfsfólks á Viðihlíð
fyrir elskulegheit og góða umönnun.
Stefanía Þorsteinsdóttir
Kristín J. Þorsteinsdóttir
Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir
Ásdís Alda Þorsteinsdóttir
Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir
Gísli Pálsson
Kristinn F. Sigurharðarson
Rögnvaldur Ólafsson
Árni Þór Bjarnason
Sigurþór Guðmundsson
ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Valdimar Ritchie Samúelsson
flugvirki,
Kleifarási 3,
lést á Landspítalanum 21. júlí.
Jarðarför fer fram frá Árbæjarkirkju
fimmtudaginn 29. júlí kl. 15.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hins látna er bent á Landsbjörg.
Guðrún Björnsdóttir
Hulda Guðrún Valdimarsdóttir
Harpa Valdimarsdóttir
Elfa Hrönn Valdimarsdóttir
Ragnar Páll Bjarnason
Ómar Einarsson
Freyr Friðriksson
og barnabörn.



Elsku hjartans maðurinn minn,
pabbi okkar, tengdapabbi og afi,
Guðjón Heiðar Gunnbjörnsson
húsasmiðameistari,
Hólahjalla 2, Kópavogi,
lést á heimili sínu þriðjudaginn 13. júlí.
Útför fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 27. júlí kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heru
líknarheimaþjónustu og Krabbameinsfélagið.
Elinborg Sigvaldadóttir
Guðrún María Guðjónsdóttir
Hafsteinn Örn Guðjónsson
Ragnheiður Elin Guðjónsdóttir
Þórey Elisabet Elíasdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
stjúpmóðir, amma og langamma,
Katrín Jónsdóttir
Árskógum 6, Reykjavík,
lést þann 17. júlí á Hjúkrunarheimilinu
Grund. Útför hennar fer fram frá
Seljakirkju þriðjudaginn 27. júlí klukkan 13.
Streymt verður frá athöfninni á Seljakirkja.is.
Eyrún Magnúsdóttir
Andrés Magnússon
Jón Magnússon
Ásmundur Magnússon
Steinunn S. Magnúsdóttir
Sæmundur Þ. Magnússon
Áslaug Gunnarsdóttir
Guðrún Bergþórsdóttir
Ásdís Þrá Höskuldsdóttir
Jesper Madsen
barnabörn og barnabarnabörn.



Gefðu fallegan
lífsförunaut
í brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá veglega
brúðargjöf frá Epal

Skráðu brúðargjafalistann í Epal
og við gefum væntanlegum
brúðhjónum fyrstu gjöfina.

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / www.epal.is



GEORG JENSEN

KÄHLER

by Lassen.
Copenhagen




HAY

iittala

ferm
LIVING

ROYAL COPENHAGEN
PROUDLY FOR THE QUALITY THE SWEDEN OF DENMARK

Veðurspá Föstudagur



Suðvestlæg átt 3-10 m/s og rigning með köflum í dag og þoka víða. Hiti 10 til 24 stig, hlýjast á norðaustanverðu landinu. ■

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING



ljosisid.is



FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Hún er ein af milljón
Hrafnhildur Smith og eiginmaður hennar, **Ali Azough**, eiga saman dæturnar Emmu Soffiu 15 ára og Önnu Lilju 10 ára. Að vera foreldrar Önnu er líklega stærsta verkefni sem þeim verður falið en hún greindist eins árs með mjög sjaldgæfan erfðasjúkdóm sem hefur áhrif á flesta fleti lífs hennar, og þeirra.



Fannst þau verða að bjarga húsinu
Hjónin **Ketill Már Björnsson** og **Ingebjörg Finnbogadóttir** hlupu fram hjá yfirgefnu húsi í Hnífsdal og heilluðust svo að þau sátu um fasteignaauglýsingar á svæðinu í eitt ár þar til húsið loks kom á sölu. Ótal vinnustundum síðar hafa þau eignast yndislegt afdrep við sjóinn.



Fólk er mjög reitt
Druslugangan verður gengin í tiunda skiptið á laugardaginn, 24. júlí. Tilgangur göngunnar er að sýna samstöðu með polendum kynferðisofbeldis. **Inga Hrönn Jónsdóttir**, einn af forsvarsmönnum göngunnar, ræddi við Fréttablaðið um gönguna sem hún segir vera á góðum tíma enda sé #MeToo nú á allra vörum.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**

 - 1 þóknast
 - 5 taut
 - 6 tveir eins
 - 8 slá
 - 10 próftitill
 - 11 tvennd
 - 12 kvöl
 - 13 lánar
 - 15 eyðsla
 - 17 rannsaki
- LÓÐRÉTT**

 - 1 leynilekurs
 - 2 hljóða
 - 3 spori
 - 4 bak við
 - 7 fær
 - 9 álun
 - 12 spekulera
 - 14 auðgaði
 - 16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

Hrannar Baldursson (Skákdeild KR) átti leik gegn dr. Kristjáni Guðmundssyni (Taflfélagi Vestmannaeyja) á Íslandsmóti skákfélaga.

34. Hxf8+ Kxf8 35. Dd8+ Kg7 36. Dd4+ Df6 37. Dxc5 1-0. Stórmeistarinn Hannes Hlífar Stefánsson (2.517), vann sigur á alþjóðlegu móti í Prag sem sem fram fór 10.-18. júlí. Hannes hlaut 6½ vinning í 9 umferðum.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir. ■

Sudoku

			2		6	4	8	
	4			1	3	5		6
					7	1	2	
4	1			8		9		5
		3	5					
8	9		6		1			
	3	8	1				6	
9	2							
				3	8	2		

	5	6		9				1
		1			4			7
				1		7	3	2
		4	2			8		
	6	3		5			1	
							7	
	1		6	8				
		2		4		3	6	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Erna Vala píanóleikari heldur tónleika á sunnudaginn.

Erna Vala í Hörpuhorni

Erna Vala Arnardóttir píanóleikari heldur tónleika í tónleikaröðinni Velkomin heim í Hörpuhorni sunnudaginn 25. júlí klukkan 16. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Robert Schumann. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Erna Vala, fædd 1995, hefur komið fram víða í Evrópu og Bandaríkjunum síðustu ár og unnið til fjölda verðlauna fyrir píanóleik sinn. Þar má helst nefna heiðursorðuna Hvítu rósina frá forseta Finnlands árið 2018 og fyrstu verðlaun í efsta flokki EPTA-píanókeppninnar á Íslandi.

Erna Vala hefur leikið einleik með bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Hún hefur einnig komið fram sem gestalistamaður ýmissa hátíða, til dæmis Arctic Initiative í Washington D.C., Albignac Piano Festival í Frakklandi og Trinity Laban-samtímalistahátíðarinnar í London. ■



Lay Low verður í Strandarkirkju.

Lay Low í Strandarkirkju

„Hvildu, hjarta, hvíldu.“ er yfirskrift tónleika í tónleikaröðinni Englar og menn í Strandarkirkju sunnudaginn 25. júlí klukkan 14.00. Á tónleikunum kemur fram Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, en yfirskrift tónleikanna er ljóðlína úr ljóðinu Aftan-söngur eftir Huldu sem verður flutt á tónleikunum. Lay Low til halds og trausts eru Agnes Erna Estherardóttir og Anna Margrét Hraundal. ■

Raddir Olgu hljóma á Akureyri og í Reykjavík



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb @frettabladid.is

Sönghópurinn Olga Vocal Ensemble verður á ferðinni á Íslandi í lok júlí og byrjun ágúst.

Fyrstu tónleikar Olgu í sumar verða í Akureyrarkirkju sunnudaginn 25. júlí. Síðan verða tónleikar á Blönduósi, Seyðisfirði, Ólafsfirði, í Flatey, á Ísafirði og síðustu tónleikarnir verða í Háteigskirkju miðvikudaginn 4. ágúst klukkan 20.00.

Hópurinn er skipaður Holendingunum Jonathan Ploeg og Arjan Lienaerts, Englendingnum Matthew Lawrence Smith, hinum rússnesk-bandaríska Philip Barkhударov og Íslendingnum Péttri Oddbergi Heimissyni.

Þema tónleikanna er Aurora, norðurljósin. „Norðurljósin mála fallegar myndir á himnum á dimmasta tíma ársins, það sama viljum við í Olgu gera með röddum okkar,“ segir Pétur Oddbergur sem syngur fyrsta bassa í Olgu. „Efnisskráin er mjög fjölbreytt, þarna er til dæmis Hvert örstutt spor eftir Jón Nordal, Vikivaki eftir Valgeir Guðjónsson og Bare Necessities úr Jungle Book. Svo flytjum við yfirtónalag sem við sömdum sjálfir sem ber heitið Aurora.“

”

Norðurljósin mála fallegar myndir á himnum á dimmasta tíma ársins, það sama viljum við í Olgu gera með röddum okkar.

Mikil tilhlökkun

Sönghópurinn Olga Vocal Ensemble hefur verið starfræktur síðan árið 2012. „Við í upprunalega hópnum lærðum allir söng í Hollandi hjá Jóni Þorsteinssyni. Við sungum saman eftir skóla og héldum tónleika í Belgíu vorið 2013, þá vorum við fjórir, þrír Íslendingar og Philip. Síðan hefur orðið breyting og nú erum við tveir eftir af upprunalegu meðlimunum.“

Hópurinn hélt sína fyrstu tónleika á Íslandi sumarið 2013 og hefur heimsótt Ísland á hverju ári

síðan þá, að undanskildu árinu 2020. Pétur segir mikla tilhlökkun ríkja í hópnum vegna tónleikanna. „Það er tilhlökkunarefni að fara á alla þessa fallegu staði til að syngja og sjá landið um leið.“

Taka upp jólaplötu

Olga hefur gefið út þrjá geisladiska, fyrsti diskurinn kom út árið 2013, Vikings kom út árið 2016 og It's a Woman's World kom út árið 2018. Í sumar kom út fjórði diskur hópsins, Aurora.

Hópurinn er nú að taka upp jólaplötu í Reykholtskirkju. „Lögin eru ekki öll jólatengd en við erum meðal annars að taka upp Hátíð fer að höndum ein og Christmas Island með örlítið breyttum texta. Við syngjum Go tell it on the Mountain og verk þar sem Philip semur bæði lag og texta. Tónlistin er eins og á hinum plötunum; klassík, djass og popp. Tveir fyrrverandi meðlimir koma fram með okkur á plötunni, Bjarni Guðmundsson og Gulian van Nierop. Á plötunni vinnum við einnig með Drengjakór Reykjavíkur og Diddi fiðla, Sigurður Rúnar Jónsson, er upptökustjóri og honum til halds og trausts er Pétur Hjalte-sted.“ ■

Reykholtshátíð 25 ára


Reykholtshátíð fer fram helgina 23.–25. júlí og fagnar 25 ára afmæli sínu í ár.

Á hátíðinni verða fernir tónleikar. Upphafstónleikar hátíðarinnar verða í dag, föstudaginn 23. júlí, klukkan 20. Á dagskrá verða kamm-erperlur eftir meðal annars Brahms, Schubert og Glazunov ásamt sönglögum og aríum. Í tilefni afmælisársins verður frumflutt nýtt verk eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur við ljóð Þorsteins frá Hamri, sem var ættaður úr Bjargfirðinum fagra.

Fyrirlestur um ljóðskáldið Þorstein frá Hamri verður í Snorrastofu á laugardaginn klukkan 14 og er

öllum opinn. Fyrirlesari er Ástráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur.

Reykholtshátíð er jafnframt vígsluafmæli Reykholtskirkju og því verður fagnað með hátíðarmessu á sunnudaginn klukkan 14. Hljóðfæraleikarar hátíðarinnar í ár eru Auður Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Daðadóttir og Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikarar, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir og Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikarar, Bjarni Frimann Bjarnason og Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikarar ásamt Herdísí Önnu Jónasdóttur sópran-söngkonu. ■



Fyrirlestur verður um Þorstein frá Hamri.



FÖSTUDAGINN 23.JÚLÍ
BLAÐRARINN
KL: 16-18:00



Fjarðargata 13-15, 220 Hafnarfirði

DAGSKRÁ

23. júlí 2021 FÖSTUDAGUR

Föstudagur

Hringbraut

- 18.00 Sir Arnar Gauti (e) (e)** Lífstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga- húsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
- 18.30 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.00 Eldhugar (e)** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
- 19.30 Fjallaskálar Íslands - Glerárdalur (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 ÓL 2020: Setningarathöfn** Bein útsending frá setning- arathöfn Ólympíuleikanna í Tókýó.
- 14.00 Heimaílkfimi**
- 14.10 Sumarlandabrot**
- 14.15 Matur með Kiru**
- 14.45 Úti** Tindfjallajökull og tindar Vestmannaeyja.
- 15.10 Í garðinum með Gurrý II** Skuggaplöntur og garðyrkja.
- 15.40 Óvæntur arfur**
- 16.40 Kiljan**
- 17.20 Matarmenning - Kál**
- 17.50 Tákn málsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Óargadýr**
- 18.28 Fjölskyldukagginn**
- 18.50 Sumarlandabrot 2020** Vatnajökulsþjóðgarður - landverðir.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Tónaflóð um landið** Höfn í Hornafirði.
- 21.10 Shakespeare og Hathaway** **Shakespeare and Hathaway: Private Investigators** Breskir gamanþættir um einkaspæj- arana Luellu Shakespeare og Frank Hathaway.
- 22.00 Útey - 22. júlí Utøya - July 2212** Norsk kvikmynd frá 2018 um hryðjuverkaárás hægriðfgamannsins Anders Breivik í Útey 22. júlí 2011. Í myndinni er árásinni lýst í rauntíma frá sjónarhorni unglingsstúlkunnar Köju sem reynir að komast lífs af á sama tíma og hún leitar að litlu systur sinni. Leikstjóri: Erik Poppe. Aðal- hlutverk: Andrea Berntzen, Aleksander Holmen og Brede Fristad. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.35 Ísalög Tunn is**
- 00.15 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 09.00 LPGA Tour** Bein útsending frá Evian Championship.
- 12.00 PGA Tour Profiles**
- 12.15 Golfarinn 1**
- 12.50 Tvöfaldur skolli**
- 13.20 PGA Tour Profiles**
- 13.30 LPGA Tour** Bein útsending frá Evian Championship.
- 18.30 PGA Tour** Bein útsending frá 3M Open.
- 22.30 The Senior Open Cham- pionship 2021**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 12.30 Dr. Phil (38:170)**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 90210**
- 15.50 American Housewife**
- 16.15 Black-ish**
- 16.50 The King of Queens (**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Hver drap Friðrik Dór?**
- 20.40 The Bachelorette**
- 22.10 Love Island**
- 23.00 Love Island**
- 23.50 Thelma and Louise**
- 01.55 Mortdecai**
- 03.40 Love Island**
- 04.30 Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar** Ester Blenda Nordström I.
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Sumarmál: Fyrri hluti**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Það sem skiptir máli Ást**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjð Fyrri og seinni hluti**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Sumarmál: Seinni hluti**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Málið er Fötlunarfor- dómar**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi Sumar: Gunni Mall og æviminn- ingar Guðjóns R. Sigurðs- sonar.**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Vinill vikunnar** Siouxi and the Banshees: Thro- ugh The Looking Glass
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Djassþáttur(4 af 9)**
- 18.00 Kvöldfréttir**
- 18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.30 Þjóðsagnabættir í saman- tekt Þorsteins frá Hamri Skoffin**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur** Nokkur Bítlalög í túlkun íslenskra flytjenda.
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.35 Er ofbeldi fyndið? (4 af 5)**
- 21.15 Íslendingasögur** Ingibjörg Ingadóttir
- 21.40 Kvöldsagan: Sögukaflar af sjálfum mér (19 af 23)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Sumarmál: Fyrri hluti**
- 23.05 Sumarmál: Seinni hluti**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 10.05 Kindergarten Cop**
- 11.50 The Wife**
- 13.30 Parenthood**
- 15.30 Kindergarten Cop**
- 17.20 The Wife**
- 18.55 Parenthood**
- 21.00 After the Wedding**
- 22.45 Sherlock Holmes**
- 00.50 It Chapter Two**
- 03.35 After the Wedding**

Stöð 2


- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The Good Doctor**
- 10.05 First Dates Hotel**
- 10.55 Framkoma**
- 11.25 Múslimarnir okkar**
- 12.05 The Office**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Jamie's Quick and Easy Food**
- 13.20 Grand Designs: Australia**
- 14.10 Shark Tank**
- 14.55 Hvar er best að búa?** Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta með Lóu Pind sem heimsækir Íslendinga sem létu drauminn um að búa í útlöndum ræstast.
- 15.40 Golfarinn**
- 16.05 Eldhúsið hans Eypórs**
- 16.30 Grand Designs: Australia**
- 17.20 The Goldbergs**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.55 Bara grín** Sprenghlægi- legur og stórskemmtilegur gamanþáttur þar sem Björn Bragi Arnarsson rifjar upp bestu gamanþættina úr sögu Stöðvar 2.
- 19.20 Tónlistarmennirnir okkar**
- 20.00 The Greatest Dancer**
- 21.20 Banana Split**
- 22.45 Spider-Man: Far from Home** Skólaárið er á enda runnið og Peter Parker hlakkar til að fara í sumarfrí sem m.a. inniheldur skólaferð til Evrópu, þ.á.m. til Feneyja og Lundúna. Til að byrja með vonast Peter til að geta hvílt kóngulóarbúninginn í ferðinni en það á eftir að breytast þegar Nick Fury birtist og fer fram á að hann aðstoði hinn dularfulla Quentin Beck, öðru nafni Mysterio, við að berjast á móti fjórum óvættum.
- 00.50 Line of Duty**
- 02.25 The Mentalist**
- 03.10 The Good Doctor**
- 03.50 First Dates Hotel**
- 04.35 The Office**

Stöð 2 Sport

- 08.35 Pepsi Max Mörkin**
- 09.30 Fram - KA** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 10.45 Selfoss - Stjarnan**
- 12.05 Haukar - Grótta**
- 13.20 Valur - FH**
- 14.40 Seinni bylgjan - karla**
- 16.10 Tindastóll - Fylkir** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
- 17.50 Valur - Bodö/Glimt**
- 19.30 Pepsi Max Mörkin**
- 20.25 Þór Þ. - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
- 22.00 Tindastóll - KR**
- 23.30 Haukar - Njarðvík**

Stöð 2 Sport 2

- 08.20 Sheffield Wednesday - Nor- wich**
- 10.00 Slóvakía - Spánn**
- 11.45 EM 1976** Heimildapáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1976 er mótið fór fram í Júgóslavíu.
- 12.35 Watford - Birmingham**
- 14.20 Granada - Manchester United**
- 16.05 Zenit - Dortmund**
- 17.45 Phoenix Suns - Milwaukee Bucks**
- 19.35 Portúgal - Frakkland**
- 21.45 Tottenham - LASK**
- 23.25 Þýskaland - Ungverjaland**



SPAÐINN

Spaðinn hefur verið starfandi í rúmt ár og lagt mikinn metnað í að bjóða sem besta vöru á frábæru verði. Við höfum þróast mikið á þessum tíma og hlustað á okkar viðskiptavini. Nú er kominn tími á næsta skref og höfum við sett saman tilboð sem eru að okkar mati þau bestu á markaðnum og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hópatilboð Spaðans

Hópatilboð 1 (fyrir 4–5)

Tvær 12” Pizzur af matseðli, brauðstangir og sósa = **3.500 kr.**

Hópatilboð 2 (fyrir 6–8)

Tvær 16” Pizzur af matseðli, brauðstangir og sósa = **4.500 kr.**

Önnur tilboð

Hádegistilboð 1

8” Pizza af matseðli og 1/2 ltr gos = **990 kr.**

Hádegistilboð 2

12” Pizza af matseðli og 2x 1/2 ltr gos = **1.590 kr.**

Hádegistilboð 3

16” Pizza af matseðli og 2 ltr gos = **1.990 kr.**

Spaðaprenna 1

12” Pizza af matseðli, brauðstangir, sósa og 2x 1/2 ltr gos = **2.500 kr.**

Spaðaprenna 2

16” Pizza af matseðli, brauðstangir, sósa og 2 ltr gos = **3.300 kr.**

Njóttu pizzunnar eða láttu okkur vita, við trúum á annað tækifæri. Ef þú ert með ábendingu máttu endilega hafa samband við okkur á netfangið takk@spadinn.is

Júlía kýlir til baka með tónlistinni

Salka Valsdóttir vikkar persónu hinnar harmrænu Júlíu og gefur henni um leið sterka rödd og færi á að berja frá sér með tónlist sinni fyrir væntanlega uppfærslu Þjóðleikhússins á Rómeó og Júlíu. Fyrsta lagið úr sýningunni, sem kennt er við heitan kóng, kom á Spotify í morgun.



Þórarinn Þórarinnsson
thorarin
@frettabladid.is

Salka Valsdóttir, tónlistarstjóri Rómeós og Júlíu, gefur hinni heitelskuðu Júlíu rödd með tónlist sinni fyrir fyrirhugaða uppfærslu Þjóðleikhússins á hinum sigilda harmleik Shakespeares. Fyrsta lagið úr sýningunni, HEITI KING, er komið á Spotify og allar helstu streymisveitur.

Laginu lýsir hún sem einhvers konar „skærbleikum svefnherbergisslagara“ en nafnið vísar til heits konungs. „Það heitir HEITI KING, eins og „hot“ kóngur,“ segir Salka og hlær.

„Í verkinu heyrir þetta bara stuttu eftir svalasenuna. Stuttu eftir fyrsta skiptið sem þau hittast og er eiginlega bara fyrsta skiptið í verkinu þar sem hún hefur einhverja von um að komast af þeim stað sem hún er föst á,“ segir Salka um Júlíu, Rómeó og forboðna ást þeirra.

„Allt þetta ferli er eiginlega búið að vera mjög magnað og mjög óvenjulegt hvernig leikstjórinn ákvað að nálgast tónlistina. Vegna þess að hann vildi hafa tvö tónskáld og að annað þeirra væri eiginlega bara að semja tónlist út frá persónu Júlíu og hitt út frá persónu Rómeós,“ segir Salka um línurnar sem leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarsson lagði.

Rausið í Rómeó

„Það er mikil tónlist í þessu verki og hún fær rosalega mikið pláss og það er búið að vera sérstaklega spennandi að vera á Júlíuhliðinni. Allavegana fyrir mig vegna þess að í verkinu er miklu, miklu minni tíma eytt í hana og að hjálpa áhorfendunum að skilja hennar innri heim og víkka hana í rauninni sem persónu. Á meðan Rómeó fær alveg heilar fimm, sex blaðsíður til að rausa um sálarlíf sitt.

Þannig að það er í raun svo mikið rými utan handrits á sviðinu og áhugavert að þurfa að skálda, lesa milli línanna og reyna að setja sig í hennar spor. Víkka persónu hennar og gera bara að þrívíðum karakter. Og við höfum rosalega mikið náð að gera það með tónlist. Sem er geggjað spennandi,“ segir Salka sem vann

tónlistina náð með Ebbu Katrínu Finnsdóttur sem leikur Júlíu.

Ytra ofurefli

Salka segir hluta af þessari spennu liggja í því að barátta Júlíu er allt öðruvísi en Rómeós. „Hann er svo mikið í slag við innri djöfla á meðan hennar slagur er meira við ytri aðstæður. Það er verið að þvinga hana í hjónaband. Bara búið að ætla henni eitt líf og það er að giftast fer tugum manni, unga út börnum og eitthvað.

Þannig að hún þarf einhvern

vegin að vera að berjast á móti. Berjast, ólíkt honum, við ytri öfl. Það er svona undirtóninn í tónlistinni sem við höfum gert fyrir hana. Einhver ákveðin mótstaða. Einhver agressjón eða styrkur sem við erum að reyna að búa til,“ segir Salka og bendir á að lagið HEITUR KING sé löðrandi í einhvers konar barnslegu hrekkleysi.

„En samt kraumar líka smá plott undir niðri. Eins og hún sé kannski að plotta eitthvað. Þetta er svona algjört unglingstelpu útrásarpopp-dæmi,“ segir Salka og hlær.



Salka og Ebba Katrín renna nánast saman í eitt eins og Júlía og Rómeó í málverki úr sviðsheiminum þar sem takast á poppað og litaglatt æskufjör í harmrænu umhverfi. MYND/BLAIR ALEXANDER

Aðferðir Reykjavíkurdætra

Salka segist aðspurð ekki aðeins hafa leitað að svigrúminu til þess að efla persónu Júlíu milli línanna hjá Shakespeare þar sem þær Ebba hafi ekki síður komið með eigin reynslu að borðinu.

„Við Ebba Katrín höfum unnið þetta alveg mjög mikið saman og langmest setið tvær og talað stanslaust um þessa persónu og auðvitað bara okkar baráttur og hvernig það spilar inn í þetta,“ segir Salka og bætir við að hún hafi náð sterkri tengingu sem ein Reykjavíkurdætra.

„Ég er náttúrlega úr Reykjavíkurdætrum og heimspeki hvernig þú getur notað tónlist sem valdeflandi tól eða frásagnarmiðil eða einhvers konar tæki til að kýla til baka.“ Salka segist þannig á ferli sínum hafa fengið gott veganesti í þennan heim Júlíu.

Rafmögnuð Júlía

„Ég er búin að reyna að vinna rosalega mikið út frá raftónlist eftir ungar konur og svoleiðis. Mig langaði að tilfinningin væri eins og Júlía hefði búið þessi lög til inni í svefnherberginu sínu. Bara á tölvuna sína. Þetta væru svona tólin hennar. Hún að reyna að stækka sig inni í litla rýminu sínu. Þenja sig út í veggina einhvern veginn og reyna að kýla til baka. Þannig að þetta er nokkuð aggresív en samt svona mjög stelpuleg popptónlist.“

Salka og Ebba Katrín hafa þekkt um langt árabíl en hafa aldrei unnið jafn náð saman og við gerð tónlistarinnar hennar Júlíu. „Við unnum saman í Borgarleikhúsinu, en ekki á þennan hátt, í frekar mörg ár þegar hún var dresser og ég hljóðmaður.

Þetta er fyrsta lagið sem hún gefur út. Hún er í raun ekki tónlistarkona en er samt alveg frábær tónlistarkona. Hún er ógeðslega klár og það er búið að vera sjúklega gaman að semja með henni,“ segir Salka og bætir við að Ebba Katrín hafi komið með ferska orku sem hafi minnt hana á upphaf Reykjavíkurdætra.

„Tónlist er svo skemmtileg og það er svo mikil barnsleg gleði yfir því að búa hana til en þegar maður er búinn að gera þetta svona lengi tekur maður öllu svo alvarlega. Og það var mjög gott fyrir mig að fá einhvern inn sem tekur þessu, þannig lagað, ekkert alvarlega.

Það var líka í anda Júlíu. Þetta er hennar tól til að losa um og ekkert endilega grafalvarlegt.“ ■

”

Mig langaði að tilfinningin væri eins og Júlía hefði búið þessi lög til inni í svefnherberginu sínu. Bara á tölvuna sína.

SÆKTU NÝJA APPIÐ!

Í LOFTINU

VEISTU HVER ÉG VAR?

LAUGARDAGA 16:00-18:30

BYLGJAN

989



SALEWA
MS Dropline GTX
Dömu
Kr. 29.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 29.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 29.990.-



SALEWA
MS Wildfire Edge
Dömu
Kr. 26.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 39.990.-



SALEWA
Ultra Flex 2 mid GTX
Herra
Kr. 31.990.-



SALEWA
Alpenrose 2 mid GTX
Dömu
Kr. 31.990.-



SALEWA
MS Wildfire Edge
Herra
Kr. 26.990.-



SALEWA
MS Dropline GTX
Herra
Kr. 39.990.-



SALEWA
Ultra Flex 2 mid GTX
Herra
Kr. 31.990.-



HELLY HANSEN
Tamarak Herra
Kr. 17.990.-



ASOLO
Falcon Dömu
Kr. 29.990.-



ASOLO
Falcon Dömu
Kr. 29.990.-



DYNAFIT
Alpine Dömu
Kr. 23.990.-



HELLY HANSEN
Monashee Herra
Kr. 24.990.-



ASOLO
Falcon Herra
Kr. 29.990.-



DYNAFIT
Feline SL Dömu
Kr. 24.990.-



HELLY HANSEN
Switchback Trail HT
Herra
Kr. 24.990.-



ASOLO
Falcon Herra
Kr. 29.990.-



DYNAFIT
Alpine DNA Herra
Kr. 27.990.-



DYNAFIT
Feline SL Herra
Kr. 24.990.-



Vinir
fá sérkjör
Skráning á icewear.is



RIF
RESTAURANT

Beinlausir kjúklingavængir

Beinlausir kjúklingabitar með vali um buffalo sósu, bbq eða bourbon glaze.

1.690 kr

Shake

Súkkulaði
Vanillu
Jarðaberja

990 kr

Hádegis tilboð
2.090 kr



**Val á milli tveggja rétta,
nýjrir réttir í hverri viku!**

/rifrestaurant

/rifrestaurant

HAPPY HOUR
ALLAN DAGINN
ALLA DAGA



Benedikt Gylfason byrjaði ungur að fást við klassískar tónsmíðar en sneri sér síðan að poppinu og gefur út sitt fyrsta lag, Diamond, í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Ballettinn vék fyrir poppinu

Tónlistarmaðurinn Benedikt gefur út sitt fyrsta lag, Diamond, á Spotify í dag. Hann hafði ákveðið að taka ballettinn fram yfir tónlistina þegar meiðsli settu strik í reikninginn en hann fann taktinn í popptónlistinni eins og boðskapur nýja lagsins ber með sér.

toti@frettabladid.is

Diamond, fyrsta lag tónlistarmannsins unga Benedikts Gylfasonar, kemur út á Spotify í dag og með því gefur hann tóninn fyrir væntanlega EP-plötu sem kemur út í haust.

Benedikt er nítján ára gamall og samhlíða námi í Menntaskólanum við Hamrahlíð og söng með MH-körnum stundar hann nám á poppbraut í Menntaskólanum í tónlist þar sem hann lagði einnig loka-hönd á nýja lagið. Benedikt söng einnig með Drengjakór Reykjavíkur í mörg ár og hefur sungið einsöng sem drengjasópran á fjölda tónleika. Meðal annars með Karlakór Reykjavíkur og Frostrósum.

„Ég lærði líka lagasmíðar og upp-tökustjórn í MÍT og lagið Diamond er samið í lagasmíðaáfangu þar og ég kláraði það síðan í upptökustjórn og náði þannig að að nýta mér skólann til að vinna í mínu eigin efni,“ segir Benedikt sem lýsir tónlist sinni sem poppi með gripandi laglínunum.

Góðar tilraunir

Benedikt hefur samið eigin tónlist í nokkur ár og hefur haldið tvenna tónleika í MH og lenti í öðru sæti í Söngkeppni Samfés árið 2018. Diamond var síðan eitt þriggja laga sem hann lék á Músiktilraunum í vor þar sem hann komst í úrslit.

„Ég ákvað bara að skella mér í Músiktilraunir í vor og komst í úrslit. Þetta voru allt hljómsveitir,“ segir Benedikt sem var með eina einstaklingsatriðið í úrslitum og bendir á að einstaklingur hafi aldrei unnið keppnina.

„Ég tók Diamond í undankeppn-

”

Ég þurfti á tímabili eiginlega bara að velja á milli og ákvað þá bara að ég vildi setja meiri fókus á dansinn.

inni og annað lag sem kemur út á plötunni seinna á árinu og síðan fékk ég gigg á Dillon á Reykjavík Live út á þetta,“ segir Benedikt sem nýtur styrkja frá Tónskáldasjóði RÚV og STEFs sem og Upptökusjóði STEFs við tónsmíðarnar á fyrirhugaðri þröngskífu.

„Það er gott að vita að það eru einhverjir þarna úti sem hafa trú á manni,“ segir Benedikt um styrkina sem þar fyrir utan komi sér vel. „Það skiptir líka auðvitað miklu máli að fá fjárhagslegan stuðning. Vegna þess að það er miklu dýrara en maður heldur að gefa út tónlist þótt það sé ekkert endilega eitthvað sem maður hugsar út í þegar maður er að semja lögin.“

Benedikt notast, eins og gengur, mikið við tölvur þegar hann semur og flytur tónlist en fékk þó nokkra vini sína til þess að leggja sér lið á Diamond eins og það hljómar í útgáfunni sem kom á Spotify á miðnætti.

„Þau sem eru með mér í laginu er Alexander Grybos á rafgítar, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir annarut@frettabladid.is

Klassísk byrjun

Benedikt segist hafa byrjað að læra

á píanó þegar hann var sex ára. „Þetta var klassískur píanóleikur sem ég lærði í um tíu ár og þegar ég var í kringum tólf ára fór ég að semja klassíska tónlist.“

Þá tók Benedikt þátt í Upp-taktinum þrjú ár í röð en þetta samstarfsverkefni Hörpu, Barnamenningarhátiðar, Tónlistarborgarinnar Reykjavík, RÚV og Listaháskóla Íslands er opið krökkum í efri bekkjum grunnskóla með áherslu á að hvetja börn og ungmenntu til að semja tónlist og styðja þau í fullvinnslu hugmynda.

„En svona í lok grunnskóla fór fókusinn hjá mér að beinast meira að popptónlist og mér fannst það einhvern veginn bara náttúrulegt vegna þess að þetta var svona það sem ég hafði hlustað mest á.“

Dansmeiðsl og popp

Þótt Benedikt sé búinn að vera virkur í tónlistarnámi og flutningi lengi hefur tónlistin ekki alltaf átt huga hans allan þar sem ballettinn var á tímabili efstur á blaði.

„Ég lærði ballett í Listdansskóla Íslands í fimm vetur áður en ég fór til Noregs að læra ballett í Listaháskólanum í Osló,“ segir Benedikt sem hefur keppt í ballett fyrir bæði Íslands hönd og skólans í Osló. „Síðan komu upp meiðsli og Covid þannig að ég kom heim og fór í MÍT.“

„Ég þurfti á tímabili eiginlega bara að velja á milli og ákvað þá að ég vildi setja meiri fókus á dansinn,“ segir Benedikt um þær tvær tíma- og orkufreku listgreinar sem hann hefur fengist við. „En svo þegar meiðslin koma upp þá tekur tónlistin bara við og var alltaf eitthvað sem ég bjó að.“

Framtíð Benedikts sem ballettdansara er óráðin þar sem hann glímur við hnjámeiðsli. „Þannig að það er ekki hægt að gera neitt mikið meira en bíða bara og sjá hvort þetta lagist. Kannski lagast þetta. Kannski ekki, en ég hef allavegana nóg að gera,“ segir Benedikt æðrulaus. „Það er líka smá boðskapur í laginu. Að það er alltaf eitthvað annað og betra sem bíður manns.“ ■



Moustidose flugnafælupakki með Moustidose Deet, Moustidose Icardine og Moustidose Afterbite!



Gjafabréf fyrir 2 á Lamb street food



Alvöru veiðitaska frá Bréfdúfunni



Rosaleg grillveisla frá SS. Lamb, naut, hamborgarar og pylsur



Heljarinnar sósuveisla frá E. Finnsson

SUMARLEIKUR FRÉTTABLAÐSINS

Drögum út 29. júlí

SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS Á
FRET TABLADID.IS/SUMARLEIKUR
OG ÞÚ GAETIR UNNIÐ ALLT SEM
ÞÚ SÉRÐ Í ÞESSARI AUGLÝSINGU!



Gjafabréf fyrir tvo í Vök



Veiðikortið 2021



Orvis flugustöng og hjól frá Vesturröst



20.000 kr.
gjafabréf
frá Blush



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í

BONUS

ANANAS



259 kr./stk.

Ferskur Ananas
u.p.b 1,3 kg í stk. - frá Kosta Ríka

VATNSMELÓNA



198 kr./kg

Fersk Rauð Vatnsmelóna
frá Spáni

GUL MELÓNA



198 kr./kg

Fersk Gul Melóna
frá Spáni

GRÆN MELÓNA



198 kr./kg

Fersk Græn Melóna
frá Spáni

SAMLOKUBRAUÐ



399 kr./pk.

Myllu Samlokubrauð
hveiti - 770 g

SAMLOKUOSTUR



995 kr./pk.

MS Samlokuostur
500 g

SMJÖRVI



579 kr./pk.

MS Smjörvi
400 g

PRINS PÓLÓ



1.298 kr./pk.

Prins Póló
32 stk. í pk.

ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA



1.698 kr./pk.

Bónus Súpurnar
allar tegundir



159 kr./stk.

Rema Íste
1,5 ltr.

TOPPUR



79 kr./stk.
Toppur Hreinn eða Sítrónu
500 ml

POWERADE



1.399 kr./pk.

Powerade Berry & Tropical
12 x 500 ml

EURO SHOPPER
SYKURLAUS
KOFFÍNDRYKKUR



40% AFSLÁTTUR

24 X 250 ml

STUTTUR LÍFTÍMI

900 kr./pk.

Euro Shopper Orkudrykkur
sykurlaus - 24 x 250 ml - verð áður 1.500 kr

ALLIR DAGAR GÓÐIR
FYRIR ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

NAUTALUND



2.795 kr./kg

Frosin Þýsk Nautalund



1.499 kr./kg

KS Frosið Lambalæri í Sneiðum



3.999 kr./kg

KS Frosið Lambafillet



1.199 kr./kg

KS Frosið Lambalæri

Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar
Guðmundsdóttur



Demparar sálarinnar

Hvernig liður okkur þegar einstaklingur sem við lítum upp til er sakaður um að brjóta af sér? Ég verð að viðurkenna að ég er í einhvers konar áfalli. Ég er leið, eiginlega sorgmædd, og ég vona að þær sakir sem eru bornar upp á þjóðhetjuna okkar, fyrirmynd barnanna okkar, eigi ekki við rök að styðjast. Ég vil í það minnsta ekki trúá þeim.

Rithöfundurinn C.S. Lewis sagði að afneitunin væri dempari sálarinnar, vegna þess að hún verndar okkur þar til við erum tilbúin til að takast á við raunveruleikann. Er þessi afneitun gerendameðvirkni? Í mörgum tilvikum, já. Í tilviki þjóðhetjunnar okkar hef ég ekki hugmynd um hvað afneitun mín er yfirleitt. Ég veit ekki hver raunveruleikinn er, og er sannarlega ekki tilbúin til að takast á við þá mynd sem dregin er upp.

Ef hetjurnar okkar gera eitthvað slæmt þurfum við hins vegar fleiri bjargráð en afneitunina til að takast á við það. Við sem einstaklingar og við sem samfélag. Bjargráðin felast þó ekki í því að hlaupa niður í geymslu og sækja heykvislarnar, finna til efnið í bálkóstinn og leita að stjak-anum.

Ég er ekki með svarið. Við getum hins vegar rýnt viðbrögð okkar og velt því fyrir okkur hvaðan þau koma. Skiljið heykvislarnar eftir inni í geymslu um leið og við munum að offeldi fer ekki í manngreinarálit. Það ætla ég í það minnsta að reyna. ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SUMARÚTSALA BETRA BAKS ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

SUMARÚTSALAN ER Í FULLU FJÖRI!



STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR | GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIDSLUTÍMI
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

